



**Embætti
landlæknis**
Directorate of Health

Ársskýrsla
Embættis landlæknis
2017



Ársskýrsla Embættis landlæknis 2017

ISSN 1670-746X

Útgefandi:

Embætti landlæknis
Barónsstíg 47
101 Reykjavík
© 2018 Embætti landlæknis

Ábyrgðarmaður:

Birgir Jakobsson

Ritstjóri:

Hrafnhildur Brynja Stefánsdóttir

Útlit: Auglýsingastofa Þórhildar

Umbrot: Embætti landlæknis

Myndir: Embætti landlæknis, Stefán Karlsson (bls. 2)
og Shutterstock

Ársskýrsla Embættis landlæknis 2017 er gefin út rafrænt.

Heimilt er að afrita og nota efni hennar, sé heimildar getið.

Aðfararorð landlæknis	2
Um Embætti landlæknis	3
Eftirlit með heilbrigðisþjónustu.....	8
Sóttvarnir	14
Heilbrigðisupplýsingar	16
Áhrifaþættir heilbrigðis	21
Brot úr fréttum ársins 2017.....	26
Alþjóðlegt samstarf	28
Fjárhagur embættisins.....	31
Útgefið efni 2017.....	33



Árið 2017 var annasamt ár fyrir Embætti landlæknis því auk þess að sinna hefðbundnum skyldum tók embættið að sér að halda tvær alþjóðlegar ráðstefnur eftirlitsstofnana, annars vegar í Evrópu (EPSO) og hins vegar á Norðurlöndum. Er nánar skýrt frá ráðstefnum þessum í ársskýrslunni. Alþjóðlegt samstarf á sviði eftirlitsstofnana hefur reynst embættinu mikilvægt við skipulag og þróun eftirlits með heilbrigðisstofnunum landsins.

Að öðru leyti hefur Embætti landlæknis í samræmi við starfsáætlun 2017-2018 lagt aukna áherslu á innleiðingu straumlínustjórnunar og stefnt að því að gera starfsemina eins hnitmiðaða og kostur er frá sjónarhóli neytenda þjónustunnar. Í því sambandi hefur verið lögð mikil áhersla á að fylgja eftir aðgerðaráætlun og gera hana sýnilega öllu starfsfólki embættisins. Það er ánægjulegt að sjá að flest þau markmið sem stefnt var að í starfsáætlun hafa náðst. Sem fyrr má þakka það ötula starf og sérþekkingu starfsfólks embættisins.

Þetta er í þriðja sinn sem ársskýrslan er einungis birt á rafrænu formi. Enn fremur hefur verið lögð áhersla á að halda lengd hennar innan skynsamlegra marka. Það þýðir að tölfræðilegar upplýsingar, sem áður hafa verið í ársskýrslunni, er nú sem áður að finna á vef embættisins.

Að lokum vil ég geta þess að þetta er síðasta ársskýrsla Embættis landlæknis sem ég hef heiðurinn af að undirrita. Það hefur verið sönn ánægja að vinna með öllu starfsfólki embættisins í þessi þrjú ár og miklu hefur verið komið til leiðar í bæði ytra og innra starfi á þessum árum. Ég vil færa bestu þakkir fyrir það. Ég hefði þó óskað þess að ráðgjafastarf embættisins hefði markað dýpri spor í veitingu heilbrigðisþjónustu á Íslandi en raun hefur orðið á. Það er von mín og ósk að Embætti landlæknis haldi áfram að stuðla að góðri og öruggri heilbrigðisþjónustu, heilsuefningu og öflugum forvörnum á Íslandi.

Ég óska nýjum landlækni velfarnaðar í starfi.

Birgir Jakobsson landlæknir



Hlutverk og innra starf

Hlutverk Embættis landlæknis (EL) er margþætt samkvæmt lögum en í stuttu máli má segja að það sé:

Að stuðla að bættri heilsu almennings í landinu.

Þetta er gert með því að:

1. *Gera kröfur til og hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustunni.*
2. *Veita ráðgjöf um og stuðla að heilsuefandi lífverni.*
3. *Efla forvarnir á sviði smitsjúkdóma og áhættuþátta sem eru skaðlegir heilsu fólks.*
4. *Veita stjórnvöldum ráðgjöf við stefnumörkun í heilbrigðismálum.*

Verkefnum embættisins á árinu 2017 má skipta í tvo flokka, annars vegar innra starf embættisins í samræmi við aðaláherslur og ytra starf þar sem embættið hélt áfram virkri þátttöku í samfélagsumræðunni varðandi umbótastarf í heilbrigðiskerfinu og mál sem varða forvarnir og lýðheilsu í landinu. Áfram var unnið að innleiðingu verkfæra og verklags straumlínustjórnunar, árangur gerður sýnilegur auk þess sem reglulega er fylgst með vinnuálagi starfsmanna.

Árlega er lögð fram starfsáætlun sem er vegvísir embættisins. Verkefnum er forgangsraðað út frá fjórum aðaláherslum:

- Stuðla að auknu öryggi og umbótum í heilbrigðiskerfinu.
- Hvetja til og styðja við heilsuefningu.
- Vöktun og viðbrögð sóttvarna.
- Markvisst innra starf í samræmi við aðaláherslur EL.

Ytra starf

Starf Embættis landlæknis árið 2017 beindist áfram að ráðgjöf til stjórnvalda varðandi nauðsynlegar breytingar á heilbrigðiskerfinu. Á árinu voru birtar niðurstöður rannsóknar þar sem könnuð var tíðni ákveðinna aðgerða í einkarekinni heilbrigðisþjónustu og niðurstöður bornar saman við aðgerðir sem framkvæmdar eru í nágrennlöndunum. Niðurstöðurnar bentu til að tíðni aðgerðanna væri mun hærrí hér á landi. Um leið bentu biðlistar hér á landi til þess að of lítið væri gert af þeim aðgerðum sem fyrst og fremst eru gerðar á opinberum stofnunum. Því er ástæða til að ætla að fjöldi aðgerða tengist að einhverju leyti ólíkum greiðslukerfum í opinberri og einkarekinni þjónustu eins og bent var á í skýrslu ráðgjafafyrirtækisins McKinsey frá árinu 2016. Á árinu hefur landlæknir sérstaklega lagt áherslu að bregðast við þessari óæskilegu þróun. Einnig hefur mikil áhersla verið lögð á eftirlit með ávísunum lyfja og að efla vitund landsmanna á mikilvægi áhrifaþátta heilbrigðis til að bæta andlega og líkamlega heilsu þjóðarinnar.

Áfram var unnið markvisst að þróun rafrænnar sjúkraskrár. Markmiðið er að bæta starfsaðstöðu heilbrigðisstarfsmanna, auka öryggi sjúklinga og möguleika þeirra á að taka meiri ábyrgð á eigin heilsu. Gríðarleg vinna hefur verið lögð í hýsingu og rekstur upplýsingakerfa, ekki síst til þess að tryggja öryggi upplýsinga með ströngum öryggiskröfum, stífum aðgangsstýringum, vönduðu verklagi, góðri skjölun og góðri yfirsýn embættisins.

Nýtt greiðslukerfi fyrir Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins tók gildi í ársbyrjun 2017 og standa vonir til að það muni auka aðgengi að þjónustunni. Mikil aukning varð á umfangi vefsvæðisins Heilsuvera.is, sem er sam-

starfsverkefni með Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þar er hægt að nálgast eigin heilbrigðisupplýsingar og almenna fræðslu um heilbrigðismál og heilsuefandi hegðun. Á árinu var netspjalli við hjúkrunarfræðing einnig bætt við síðuna.

Á árinu var áhersla lögð á miðlun upplýsinga um vöktun og viðbrögð sóttvarna, þar á meðal útgáfu og uppfærslu viðbragðsáætlana. Voru þær unnar í samstarfi við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Starfshópar skiluðu einnig niðurstöðum, þ.á.m. um aðgerðir til að hefta útbreiðslu kynsjúkdóma og aðgerðir til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería hér á landi.

Lyfjateymi embættisins er ætlað að stuðla að skynsamlegri notkun lyfja og birtir reglulega tölur um lyfjanotkun landsmanna. Meðal annars var upplýst að fleiri börn á Íslandi á leik- og grunnskólaaldri fá ávísað tauga- og geðlyfjum samanborið við jafnaldra þeirra í Svíþjóð, Noregi og Danmörku. Notkun þunglyndislyfja er hvergi meiri en hér á landi og Íslendingar nota meira af örvandi, róandi og kvíðastillandi lyfjum ásamt svefnlyfjum og verkjalyfjum en nágrennaþjóðirnar. Sýklalyfjanotkun Íslendinga er einnig meiri en á hinum Norðurlöndunum. Lyfjateymið er í beinum samskiptum við lækna í framhaldi af úttektum eða ábendingum vegna lyfjaávisana. Vonir standa til þess að fleiri læknar verði virkir notendur lyfjagagnagrunnsins enda felast í því tækifæri til að auka öryggi lyfjaávisana og takmarka misnotkun og sóun lyfja.

Embættið vinnur ötullega að því að veita sveitarfélögum og skólum landsins stuðning við heilsuefningu og forvarnir. Í lok árs 2017 höfðu 15 sveitarfélög, sem ná til 74% landsmanna, skrifað undir samstarfssamning við Embætti landlæknis um að gerast Heilsuefandi samfélag.

UM EMBÆTTI LANDLÆKNIS



Nýir lýðheilsuvisar voru kynntir á árinu en þeir voru fyrst birtir vorið 2016. Þessir visar eru mikilvægt verkfæri til þess að fylgjast með heilsufari og líðan íbúanna og bera sig saman við önnur byggðarlög.

Könnunin *Heilsa og líðan Íslendinga* var framkvæmd í fjórða sinn haustið 2017. Markmið hennar er að leggja mat á heilsu, líðan og lífsgæði landsmanna, auk þess að mæla með reglubundnum hætti helstu áhrifaþætti heilbrigðis. Afar ánægjulegt er að sjá hversu góðar móttökur könnunin fékk hjá landsmönnum. Samtals svöruðu tæplega 6.800 manns spurningalistanum og var svarhlutfall nálægt 69%. Hefur það aldrei verið hærra frá því rannsóknin var fyrst lögð fyrir.

Mannauður 2017

Í árslok 2017 störfuðu 58 starfsmenn hjá Embætti landlæknis í 53,95 stöðugildum og hafði fjölgað í starfslíðinu um einn starfsmann frá árinu á undan, en stöðugildin jukust um rúmlega eitt, úr 51,65. Þrátt fyrir nær óbreyttan starfsmannafjölda urðu nokkrar manna-breytingar á árinu.

Starfsmenn í fullu starfi voru 48 en aðrir voru í minna starfshlutfalli, frá 30% til 90%. Meðalaldur starfsfólks í lok árs 2017 var 53,5 ár. Konur voru 72% starfsmanna og karlar 28% og hefur kynjahlutfallið verið svipað um nokkuð langan tíma

Mannauður embættisins í starfsreynslu og menntun starfsmanna er mikill. Starfsfólk með háskólapróf var í árslok 2017 86% starfslíðsins, þar af 21% með doktorsgráðu og 49% með meistaraþráðu eða sambærilegt próf, sjá mynd, bls. 5.


Margir starfsmenn eiga langan starfsaldur að baki. Meðalstarfsaldur hjá embættinu var 9,5 ár og 30 starfsmenn höfðu í árslok 2017 starfað hjá embættinu lengur en tíu ár, þar af hafði einn starfað hjá embættinu lengur en 20 ár og annar var með meira en 30 ára starfsaldur. Sjá mynd á bls. 5.

Á árinu sögðu fjórir starfsmenn starfi sínu lausu á þremur sviðum embættisins og voru fimm starfsmenn ráðnir til embættisins. Starfsmannaveltan var þannig 7% og dró úr henni frá árinu áður þegar veltan var 9%, sjá mynd.

Á árinu var gefin út [Jafnréttisáætlun](#) og einnig uppfærð [stefna Embættis landlæknis gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað](#).



Starfsfólk á bleika deginum 13. október 2017.



Símenntun


Í mannaússtefnu Embættis landlæknis er kveðið á um að starfsfólk þróa faglega hæfni sína og getu til að takast á við dagleg og ný verkefni með reglulegri símenntun og fræðslu í samráði við næsta yfirmann. Í stofnana-samningum embættisins og stéttarfélaganna starfsmanna eru einnig ákvæði um markvissa símenntun.

Til þess að tryggja fjárhagslegan grundvöll símenntunar starfsfólks var stofnaður símenntunarsjóður árið 2015. Er honum ætlað að auka tækifæri starfsfólks til að viðhalda og bæta við þekkingu sína. Miðað er við að 0,4% af áætluðum launum og launatengdum gjöldum, að frá-dregnum lífeyrisskuldbindingum, fari í símenntunarsjóð. Á árinu 2017 var úthlutað úr sjóðnum um 1,5 milljón til 10 starfsmanna. Heildargreiðslur til starfsmanna embættisins vegna endurmenntunar námu líðlega 2,9 milljónum króna.




UM EMBÆTTI LANDLÆKNIS


Menntun starfsmanna hjá Embætti landlæknis 2017



Starfsaldur hjá Embætti landlæknis 2017



Meðalfjöldi heimsóknna á vef EL á mán 2014-2017



Vefurinn

Í starfsáætlun 2017-2018 var sérstök áhersla lögð á að endurskoða vefstefnu embættisins og leggja aukna áherslu á samfélagsmiðla. Einnig var á árinu unnið að því að uppfæra vefsetrið landlaeknir.is og gera það aðgengilegt fyrir alla notendur, þ.á.m. blinda og sjónskerta. Vefsetrið miðlar upplýsingum, leiðbeiningum og ráðleggingum til almennings og fagfólks. Með aukinni virkni markhópa á samfélagsmiðlum var augljóst að EL þyrfti að vera þar sýnilegt en ákveðin verkefni embættisins höfðu verið á Facebook um nokkurt skeið með góðum árangri. Mótuð var samfélagsmiðlastefna sem er nú hluti af [vef-stefnu](#) embættisins. Facebook síða Embættis landlæknis fór formlega í loftið þann 1. desember 2017.

Uppfærsla landlaeknir.is með tilliti til aðgengis hófst í byrjun árs. Embætti landlæknis þarf að gæta jafnræðis og auðsýnt var að bæta þyrfti vefinn til að koma til móts við þarfir ólíkra markhópa. Ákveðin verkefni voru leyst hjá þjónustuaðilanum Origo en önnur hjá embættinu. Að lokum var vefurinn sannprófaður til að tryggja gott aðgengi. Þessi vinna bar vissulega tilætlaðan árangur því vefurinn fékk fullt hús stiga fyrir aðgengi í könnuninni

Hvað er spunníð í opinbera vefi? sem fór fram haustið 2017. Með framkvæmdinni fór vefurinn úr 68 stigum og upp í 100, sem þýðir að allar kröfur sem gerðar eru til opinberra vefja um aðgengismál, voru uppfylltar.

Notkun *landlaeknir.is* jókst lítillega á árinu og voru að meðaltali 22.300 notendur sem heimsóttu vefinn 32.120 sinnum í hverjum mánuði. Fjölgaði þeim um 16% milli ára. Síðuflettingum fjölgaði um rúm 11% milli ára en þær voru að meðaltali 75.500 á mánuði samanborið við 67.800 árið á undan. Þegar skoðað er aldur og kyn notenda kemur í ljós að flestir notendur eru á aldrinum 25-34 ára, eða rúm 30%. Konur eru í miklum meirihluta, eða 72%.

Vefurinn hefur að geyma afar fjölbreytt efni og er athyglisvert að skoða hvaða efni er mest lesið. Sem fyrr er mest lesið það sem flokkast undir yfirflokkinn Um embættið, þ.e. upplýsingar um starfsfólk, afgreiðslu og skipulag, eyðublöð o.fl., en einnig er mikið lesið og sótt efni sem tilheyrir málaflokknum Smit og sóttvarnir, eða í rúmlega 21% heimsóknna á vefinn. Þar á eftir fylgir flokkurinn gæði og eftirlit með 16% heimsóknna á vefinn.

Undirvefir og tengd vefsvæði

Embætti landlæknis rekur nokkra undirvefi og vefsvæði, sem eru [influensa.is](#), [tobakslaus bekkur](#), [skafl.is](#), [gagna-skil.is](#), [hreyfitorg.is](#) og [sykurmagn.is](#). Á vefnum [donor.landlaeknir.is](#), er hægt er að skrá afstöðu sína til líffæragjafar í miðlægan gagnagrunn. Á árinu var haldið áfram innleiðingu [Heilsuvera.is](#), samstarfsverkefni Embættis landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Vefurinn kemur á framfæri til almennings áreiðanlegri þekkingu um þroska, heilsu og áhrifaþætti heilbrigðis. Á mínum síðum er öruggt vefsvæði þar sem hægt er að eiga í samskiptum við starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar og nálgast gögn úr eigin sjúkraskrá. Sjá nánar um Heilsuveru á bls. 19.

Auk ofangreindra vefja og vefsvæða eru starfsræktar síður á Facebook um einstök verkefni hjá embættinu, s.s. Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla, Heilsueflandi samfélag og Ráðleggingar um mataræði auk síðu um bólusetningar og önnur viðfangsefni sóttvarna.



Aðaláherslur 2017–2018

Stuðla að auknu öryggi og umbótum í heilbrigðiskerfinu	Hvetja og styðja við heilsueflingu	Vöktun og viðbrögð sóttvarna	Markvisst innra starf í samræmi við aðaláherslur EL
Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
<ul style="list-style-type: none"> Efla og auka eftirlit með heilbrigðisþjónustu Ráðgjöf til stjórnvalda og þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu Halda áfram þróun og innleiðingu samtengdrar rafrænnar sjúkraskrár og Heilsuveru Stuðla að skynsamlegri notkun lyfja 	<ul style="list-style-type: none"> Styðja sveitarfélög, skóla og heilsugæslu í heilsueflandi starfi Leggja áherslu á heildstætt mat á heilsueflandi starfi Miðla upplýsingum um aðgerðir sem byggja á bestu þekkingu og reynslu Nýta svæðisbundna lýðheilsuvísu 	<ul style="list-style-type: none"> Tryggja aðgang að áreiðanlegum upplýsingum og miðlun þeirra Virkja heilsugæslu í útfærslu sóttvarna Gerð og innleiðing viðbragðsáætlana og leiðbeininga um sóttvarnir Stuðla að skynsamlegri notkun sýklalyfja 	<ul style="list-style-type: none"> Innleiða straumlínustjórnun Endurspegla ábyrgð, virðingu og traust í starfi embættisins Skilvirk stýring og nýting fjármuna Auka rafræna stjórnsýslu hjá stofnuninni
Aðgerðir	Aðgerðir	Aðgerðir	Aðgerðir
<ul style="list-style-type: none"> Skilgreina og birta lista yfir gæðavísu og gera kröfur til veitenda heilbrigðisþjónustu um gæðauppgjör Gera heildarmat á RAI-mælitækjum og úttekt á færni- og heilsumati Sjálfstætt starfandi sérfræðilæknar verði hluti af samtengdri rafrænni sjúkraskrá Innleiða Heilsuveru hjá sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum og á sjúkrahúsum Meta árangur af framkvæmd þjónustukönnunar og taka afstöðu til innleiðingar Setja fram leiðbeiningar til heilbrigðisstofnana um hvernig unnið skuli að umbótastarfi Móta stefnu og áherslur í lyfjaeftirliti Innleiða samræmda atvikaskráningu fyrir allt landið Setja reglur um biðlista á landsvísu og afla gagna í rauntíma 	<ul style="list-style-type: none"> Þróa lýðheilsumat Leggja fyrir og vinna úr rannsókninni <i>Heilsa og líðan 2017</i> Koma á fót upplýsingaveitu sem inniheldur góð dæmi um heilsueflingu og forvarnir Greina lýðheilsuvísu niður á stærstu sveitarfélögin Undirbúa landskönnun á mataræði Halda heilsueflandi vinnustofur í heilbrigðisumdæmum og námskeið fyrir starfsfólk heilsugæslu um Heilsuveru Ljúka við gátlista fyrir áhersluþætti heilsueflandi samfélags og heilsueflandi skóla og gera aðgengilega á www.heilsueflandi.is 	<ul style="list-style-type: none"> Auka rafrænan flutning gagna og bæta gagnavinnslu um tilkynningaskylda og skráningarskylda sjúkdóma Skipuleggja menntun og fræðslu umdæmislækna, og menntun heilbrigðisstarfsmanna í sýkingavörnum Forgangsraða innleiðingu viðbragðsáætlana og leiðbeininga um sóttvarnir og almennar bólusetningar Auka þátttöku í almennum bólusetningum Vinna með læknum að bættri notkun sýklalyfja Auka þverfaglega samvinnu um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi 	<ul style="list-style-type: none"> Innleiða verkfæri, verklag og fræðslu varðandi straumlínustjórnun Móta stefnu og aðgerðir um gæða- og öryggishandbók EL Meta árangur af aðgerðum EL og gera hann sýnilegan Endurskoða vefstefnu EL varðandi samskiptamiðla Miðla starfsleyfaskrá og rekstraraðilaskrá í rauntíma Vinna markvisst með gildi embættisins í daglegu starfi Vakta vinnuálag starfsmanna EL fjórum sinnum á ári Velja lykilveru og birta á vef EL (Mælaborð) Tryggja framtíðarhúsnæði fyrir EL



UM EMBÆTTI LANDLÆKNIS

Árangursmælikvarðar 2017–2018

Markmið	Mælikvarði	Stöðumat	Markmið 2017	Árangur 2017	Markmið 2018
Stuðla að umbótum í heilbrigðiskerfinu	Mælikvarði	Stöðumat	Markmið 2017	Árangur 2017	Markmið 2018
Viðbrögð heilbrigðisstofnana við ábendingum EL, ári eftir úttekt.	Góður þarfnast umbóta Ófullnægjandi	1 x ári	A.m.k. tveir mælikvarðar af fjórum góðir	Þessi árangur náðist hjá öllum (7) stofnunum sem var fylgt eftir nema 2	A.m.k. þrír mælikvarðar af fjórum góðir
Listi yfir gæðavísa um heilbrigðisþjónustu	Birting á vef EL	1 x ári	Birting	Listi birtur á vef EL	Endurskoðun
Kröfur um gæðauppgjör	Birting á vef EL	1 x ári	Í vinnslu	Markmiði náð	Birtar
Notkun lækna á rauntíma lyfjagagnagrunni	Hlutfall lækna	2 x ári	60 %	66%	70 %
Fjöldi einstaklinga sem eru að fá ávísað óhóflega	Fjöldi einstaklinga	Tvisvar á ári	1000	989	800
Hvetja og styðja við heilsueflingu	Mælikvarði	Stöðumat	Markmið 2017		Markmið 2018
Leggja fyrir rannsóknina Heilsa og líðan	Framkvæmd		Fyrirlögn	Fyrirlögn lokið	Birting
Fjölga heilsueflandi samfélögum	Hlutfall landsmanna	Árlega	75%	74%	80%
Heilsueflandi vinnustofur og námskeið fyrir heilbrigðisstarfsfólk á landsvísi um Heilsuveru.	Fjöldi vinnustofa	Árlega	4	4	4
Próa lýðheilsumat	Birting á vef EL	Árlega	Í vinnslu	Markmiði náð	Innleiðing
Vöktun og viðbrögð sóttvarna	Mælikvarði	Stöðumat	Markmið 2017		Markmið 2018
Rafrænn flutningur klínískra tilkynninga	Hlutfall af öllum tilk.skyldum sjúkdómum	Árlega	Undirbúningur	Markmiði ekki náð	Innleiðing
Rafrænn sjálfvirkur flutningur upplýsinga frá rannsóknarstofum	Að fullu í notkun	Árlega	Innleiðing	Markmiði náð	100%
Þátttaka í almennum bólusetningum 1 og 4 ára barna	% þátttaka	Árlega	>90%	Verður mælt síðar	95%
Gerð viðbragðsáætlana	Fjöldi	Árlega	2	Markmiði náð	1
Markvisst innra starf í samræmi við aðaláherslur EL	Mælikvarði	Stöðumat	Markmið 2017		Markmið 2018
Fjárhagur í jafnvægi	Munur á tekjum og útgjöldum	Árlega	≥ 0%	Markmiði náð	≥ 0%
Starfsánægja	Hlutfall ánægðra	Árlega	≥ 85%	Markmiði náð ≥ 90%	≥ 85%
Veikindafjarvistir	Veikindadagar/ starfsdagar	4 x ári	<5,0 %	Markmiði ekki náð 6,97%	<5,0 %

Embætti landlæknis, maí 2017, árangur 2017 metinn í lok janúar 2018

EFTIRLIT MEÐ HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU



Embætti landlæknis (EL) hefur lögum samkvæmt það hlutverk að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum. Eftirlitssvið embættisins skiptist í svið eftirlits og gæða sem hefur eftirlit með heilbrigðisstofnunum og svið eftirlits og frávika sem hefur eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum.

Eftirlit og gæði

Ein af fjórum aðaláherslum í Starfsáætlun Embættis landlæknis 2017–2018 er að: *Stuðla að auknu öryggi og umbótum í heilbrigðiskerfinu* með því að *efla og auka eftirlit með heilbrigðisþjónustu*. Svið eftirlits og gæða ber meginábyrgð á framkvæmd þessa markmiðs í starfsáætluninni með eftirliti sínu á heilbrigðisstofnunum. Eftirlitið tekur til allra þeirra er veita heilbrigðisþjónustu, sem eru samtals um 2600 starfseiningar.

Eftirlitið beinist fyrst og fremst að eftirfarandi spurningum:

- Er hlutverk starfseminnar og stefnumörkun skýr og sýnileg öllu starfsfólki?
- Er stjórnun stofnunar í samræmi við nútímakröfur um góða stjórnun, ss. straumlínustjórnun eða aðra aðferðafræði?
- Er vinnulag stofnunar varðandi gæði og öryggi í samræmi við nútímaviðhorf um öryggismenningu, s.s. leiðbeiningar Embættis landlæknis [Eflum gæði og öryggi í íslenskrum heilbrigðisþjónustu 2016](#).
- Er árangur starfseminnar þekktur og vel sýnilegur?
- Hvernig er mönnun?
- Hvernig er húsnæði og starfsaðstaða?

Mælikvarði:

- Gott
- Umbóta er þörf
- Verulegra umbóta er þörf
- Ófullnægjandi

Eftirlit og úttektir taka mið af gildandi starfsáætlun embættisins. Áhersla er lögð á að forgangsraða úttektum eftir áhættu, t.d. ef borist hafa kvartanir eða ábendingar til embættisins eða annað sem embættið telur gefa tilfni til úttektar.

Úttektir: Árið 2017 voru gerðar hlutaúttektir á heilsgæslu heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS), á heilsgæslu heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN), heilsgæslu heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) og á A-4 æðaskurðeild Landspítalans. Einnig var gerð úttekt á einkarekinni skurðstofu.

Eftirfylgniúttektir: eru að jafnaði gerðar 6 – 12 mánuðum eftir að úttekt lýkur. Með eftirfylgniúttektum er leitast við að kanna hvort brugðist hefur verið við athugasemdum og ábendingum um úrbætur með viðhlítandi hætti. Slíkar úttektir eru einnig mikilvægur þáttur í innra gæðaeftirliti Embættis landlæknis með því að segja til um hvort ábendingarnar hafi verið réttmætar og hafi stuðlað að raunverulegum úrbótum.

Gerðar voru eftirfylgniúttektir hjá SÁÁ, meðferðarheimilinu Hlaðgerðarkoti, B-2 taugalækningadeild Landspítalans og á 23B fæðingarvakt Landspítalans.

Skýrslur um úttektir Embættis landlæknis má nálgast á vef embættisins, sjá [Úttektir á heilbrigðisstofnunum](#).

Eftirlit með niðurstöðum gæðavísa á hjúkrunarheimilum: Svið eftirlits og gæða fylgdist með niðurstöðum RAI-gæðavísa á hjúkrunarheimilum og greip til viðeigandi ráðstafana eftir því sem þörf var á.



Færni- og heilsumat

Embætti landlæknis hefur eftirlit með störfum færni- og heilsumatsnefnda sem starfræktar eru í hverju heilbrigðisumdæmi og hefur einnig yfirumsjón með framkvæmd færni- og heilsumats fyrir hjúkrunarrými og tímabundna hvíldarinnlögn. Umsjónin felst í faglegu eftirliti með störfum færni- og heilsumatsnefndanna en auk þess hefur embættið umsjón með rekstri, viðhaldi og þróun rafrænnar færni- og heilsumatsskrár.

Árið 2017 var úthlutað 927 hjúkrunarrýmum á landinu öllu sem eru heldur færri en árið 2016. Í árslok 2017 voru 418 einstaklingar á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum á landinu öllu, heldur færri en árið á undan. Sjá nánar á vef embættisins: [Hjúkrunar- og dvalarrými – tölur](#).



Geðheilbrigði

Á sviði eftirlits og gæða er verkefni sem nefnist *Ráðgjöf og fræðsla er varðar geðheilbrigðismál og sjálfsvígsforvarnir*.

Meðal þess sem tilheyrir verkefninu er:

- Vinna að útfærslum í geðheilbrigðisáætluninni er varðar þrjú þverfagleg geðheilsuteymi á höfuðborgarsvæðinu, en skýrslu var skilað til heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í sept. 2017 og er nú unnið út frá þeirri skýrslu að fjölgun geðheilsuteyma sem flokkast undir annars stigs þjónustu.
- Geðteymi Geðheilsustöðvar Breiðholts er fyrsta teymið á landinu með samþætta geð- og félagslega þjónustu. Samstarf við þjónustumiðstöðvar/félagsþjónustu, geðsvið Landspítalans og heilsugæslu er undirstaða þess að einstaklingar fái þá hjálp sem þeir þurfa á hverjum tíma.
- Ýmiskonar fræðsla er varðar geðheilbrigði, sjálfsvígsforvarnir og sorg eftir sjálfsvíg.
- Þverfagleg vinna hófst á haustdögum við að koma með tillögur að aðgerðum til sjálfsvígsforvarna á landsvísu. Þar má nefna forvarnir, geðrækt, eflingu geðheilsu, gæðaðþjónustu, minnka áhættu, stuðning við eftirlifendur og aukna þekkingu á sviði sjálfsvíga. Áætlað er að kynna niðurstöður þeirrar vinnu í mars 2018.
- Velferðarvaktin var stofnuð að frumkvæði stjórnvalda snemma árs 2009 í því skyni að fylgjast með afleiðingum efnahagshrunsins á heimilum í landinu og að vera álitsgjafi fyrir stjórnvöld. Hlutverk hennar breyttist er líða tók á og nú er áhersla sérstaklega lögð á tvo hópa, barnafjölskyldur og fólk

sem býr við sára fátækt. Verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis er formaður barnahóps sem reglulega kemur með ábendingar um líðan og hagi barna til stjórnvalda.

- Þverfaglegur hópur sem kallar sig 1001 dagur í lífi barns þar sem lögð er áhersla á að foreldrar sem glíma við geðrænan vanda og/eða áfengis- og vímuefnavanda fái þann stuðning og /eða meðferð sem þau þurfa nauðsynlega á að halda til að barnið fái bestu umönnun sem völ er á. Þessa þjónustu er að finna á geðsviði Landspítalans og einnig í Miðstöð foreldra og barna. Þá má og geta þess að Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins er að vinna með þennan viðkvæma hóp.
- Samráðshópur áfallamála hjá almannavörnum fundar mánaðarlega auk þess sem farið er í fræðsluferðir reglulega til að uppfæra það sem nýjast er að gerast í málaflokknum.
- Stýrihópur Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og skipulagning fræðslu til sjálfboðaliða og starfsfólks.
- Símtöl, fyrirspurnir og samtöl sem berast til Embættis landlæknis frá notendum heilbrigðisþjónustunnar varðandi erfið málefni og einnig frá fagfólki sem sinnir erfiðum málum.



Þjónustukannanir – tilraunaverkefni

Eins árs tilraunaverkefni um þjónustukannanir hófst í febrúar og fór það fram á fjórum stöðum á landinu. Sjúklingar/notendur heilbrigðisþjónustunnar svöruðu spurningum rafrænt um viðmót, aðgengi, upplýsingagjöf, eigin þátttöku og umönnun og/eða meðferð, með hjálp ákveðins forrits. Úrvinnsluþáttur var innbyggður í forritið. Verkefnið er í samræmi við þá stefnu embættisins að leita sjónarmiða sjúklinga/notenda enda hefur margsinnis verið sýnt fram á að sjónarmið og reynsla þeirra er verðmæt uppspretta upplýsinga sem nýtist í umbótastarfi.

Nýtt atvikaskráningakerfi

Árið 2016 fól velferðarráðuneytið Embætti landlæknis að endurnýja og samhæfa atvikaskráningakerfi fyrir allt landið. Að lokinni forskoðun var atvikaskráningakerfi boðið út á Evrópska efnahagssvæðinu. Í útboðinu var kveðið á um að hægt væri að skrá allar tegundir atvika bæði sem einstaklingar yrðu fyrir en einnig kerfislæg atvika á stofnunum. Kerfið skyldi vera aðgengilegt fyrir alla veitendur heilbrigðiþjónustu. Í því skyldi vera stjórnborð sem gæfi stjórnendum yfirsýn yfir fjölda skráðra atvika, eðli, alvarleika og hvernig úrvinnslu þeirra væri háttað. Auk þess skyldi kerfið geta verið skráninga og úrvinnslukerfi fyrir ábendingar, kvartanir og kærur.

Tvö tilboð bárust og var tilboði frá breska fyrirtækinu Datix tekið. Fyrirtækið rekur atvikaskráningakerfi um allan heim og hefur gert það frá 1986. Innleiðing þessa nýja atvikaskráningakerfis hefst á árinu 2018 og mun smám saman ná til allra veitenda heilbrigðisþjónustu.

EFTIRLIT MEÐ HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU



Viðmið um skurðstofustarfsemi

Sett voru fram viðmið um skurðstofustarfsemi sem unnin voru í samstarfi við viðkomandi fagfélög lækna og hjúkrunarfræðinga. Viðmiðin eru notuð við úttektir á skurðstofum.

Eftirlit með aðgengi að heilbrigðisþjónustu

Ákveðið var að útvíkka eftirlit með biðlistum og leggja ríkari áherslu á að fylgjast með biðlistum þar sem mikið af kvörtunum berast um langan biðtíma

Ráðgjöf

Starfsmenn sviðsins sinntu margháttaðri ráðgjöf við jafnt veitendur og notendur heilbrigðisþjónustu.

Kynning á lögum um lífsýnasöfn.

Á árinu fór fram kynning til almennings varðandi lög um lífsýnasöfn og heilbrigðisupplýsingar, sérstaklega hvað varðar rétt einstaklinga til að hafna því að lífsýni þeirra sé varðveitt í lífsýnasafni og hugsanlega notað til vísindarannsókna síðar.

Eftirlit og frávik

Kvartanir og skyld erindi til landlæknis

Meðferð kvartana frá notendum heilbrigðisþjónustunnar eru meðal viðfangsefna sviðs eftirlits og frávik. Embættinu er lögum samkvæmt skylt að sinna erindum frá hverjum þeim notanda heilbrigðisþjónustu sem telur sig hafa orðið fyrir vanrækslu, mistökum eða ótilhlýðilegri framkomu af hálfu þeirra sem þjónustuna veita. Er honum heimilt að beina formlegri kvörtun vegna þess til embættisins. Þá berast einnig erindi sem varða samskipti notenda við veitendur þjónustunnar og aðrar athugasemdir við

þjónustu sem ekki eru skilgreind sem formlegar kvartanir. Einnig leita notendur þjónustunnar til embættisins vegna aðgangs að sjúkraskrá og ef óskum um læknisvottorð er ekki sinnt.

Eftirlitsmál og kærur

Embættið hefur eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisþjónustu og fylgist með að farið sé að ákvæðum heilbrigðislöggjafar og ákvæðum annarra laga og stjórnvaldsfyrirmæla eftir því sem við á. Þá ber heilbrigðisstofnunum, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum sem veita heilbrigðisþjónustu að tilkynna landlækni án tafar um óvænt atvik sem valdið hefur eða hefði getað valdið sjúklingi alvarlegu tjóni, svo sem dauða eða varanlegum örkuðum. Landlæknir skal rannsaka slík mál til að finna á þeim skýringar og tryggja eftir því sem kostur er að slík atvik eigi sér ekki aftur stað.

Árið 2017 bárust landlækni 246 erindi er tengdust samskiptum við heilbrigðisstarfsmenn og/eða veitingu heilbrigðisþjónustu.

Kvartanir og erindi vegna samskipta við veitendur heilbrigðisþjónustunnar voru 120, athugasemdir vegna þjónustu voru 68. Erindi vegna aðgangs að sjúkraskrá voru 26 og erindi varðandi vottorð heilbrigðisstarfsmanna voru 21. Tilkynningarskyld óvænt atvik voru 29. Á árinu sinnti embættið alls 40 eftirlitsmálum er varða heilbrigðisstarfsmenn eða þá sem veita heilbrigðisþjónustu. Sjá töflu 1.

Kærur til velferðarráðuneytisins vegna málsmeðferðar kvartana, eftirlitsaðgerða, synjana um starfsleyfi eða rekstur heilbrigðisþjónustu og fleira voru níu.

Undirbúningur vegna nýrrar persónuverndarlöggjafar

Þann 25. maí 2018 tekur gildi ný persónuverndarlöggjöf í Evrópu, þar á meðal á Íslandi. Landlæknir leggur ríka áherslu á örugga meðferð persónuupplýsinga og ákveðið var að hefja undirbúning embættisins vegna innleiðingar löggjafarinnar tímanlega. Stofnaður var stýrihópur með fulltrúum hvers sviðs hjá embættinu, m.a. teymisstjóra rafrænna upplýsingakerfa og hag- og öryggisstjóra embættisins. Verkefnið leiðir lögfræðingur með sérþekkingu á persónuverndarlöggjöfinni. Starfsmenn embættisins hafa kynnt sér kröfur nýju löggjafarinnar og ljóst er að ýmislegt þarf að gaumgæfa vandlega. Með aðstoð ráðgjafa hefur embættið nú lokið kortlagningu og greiningu á vinnslu persónuupplýsinga í starfsemi embættisins. Í framhaldinu verður hugað að ýmsum aðgerðum til að tryggja og sýna fram á að meðferð upplýsinganna fari fram í samræmi við löggjöfina sem og að fullnægi öðrum nýjum skyldum.

Efnisflokkur	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Samskipti við veitendur heilbrigðisþjónustunnar	71	62	51	59	51	64	120
Formleg kvörtun	45	58	47	61	65	63	
Athugasemd vegna heilbrigðisþjónustu	40	54	35	26	45	40	68
Samtals	156	174	133	146	161	167	188
Aðgangur að sjúkraskrá	16	21	10	27	25	10	26
Tilkynningarskyld óvænt alvarleg atvik	6	9	8	33	28	40	29
Málsmeðferð EL kærð til VEL			7	4	7	1	3
Eftirlitsmál							40
Heildarfjöldi	178	204	158	210	221	218	286

EFTIRLIT MEÐ HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU



Líffæraígræðslur og líffæragjafir

Embætti landlæknis sinnir hlutverki lögbærs yfirvalds í málum er snerta líffæraígræðslur og -gjafir. Starfandi er samráðshópur á vegum embættisins sem í eiga sæti lækna frá Landspítala. Samráðshópurinn er embættinu til ráðgjafar um málaflokkinn.

Helstu verkefni :

- Að bera ábyrgð á og framkvæma þau verkefni sem tilheyra hlutverki lögbærs yfirvalds og innleiða tilskipun nr. 2010/53/EB og reglugerð nr. 312/2015
- Bera ábyrgð á að þróaður verði gagnagrunnur á Landspítala (LSH), sem er skilgreindur sem líffæraígræðslumiðstöð. Grunnurinn á m.a. að tryggja rekjanleika líffæra.
- Samskipti vegna málaflokksins við aðildarríki EU.
- Svára erindum erlendis frá og veita þeim í viðeigandi farveg.
- Framkvæmdastjórn ESB stendur fyrir fundum lögbærra yfirvalda tvisvar á ári.
- Fulltrúi embættisins sækir eða heldur fundi á vegum Scandiatransplant einu sinni á ári.

Líffæragjafir skrái vilja sinn í gagnagrunn

Í lok árs 2017 höfðu 36.000 manns tekið afstöðu til líffæragjafar í rafrænan grunn Embættis landlæknis. Vefurinn er aðgengilegur á heimasíðu Embætti landlæknis (donor.landlaeknir.is og www.heilsuvera.is) Þar eru margvíslegar upplýsingar sem tengjast líffæragjöf settar fram á aðgengilegan hátt sem og spurningar og svör. Til að lýsa afstöðu sinni til líffæragjafar þarf fólk að opna sérstakt svæði á vefnum og auðkenna sig með íslykli eða rafrænum skilríkjum.

Notandinn heimilar embættinu að vista upplýsingar um afstöðu sína til líffæragjafar í miðlægum gagnagrunni og miðla þeim til heilbrigðisstarfsmanna sem hlut eiga að máli.

Tannlæknisþjónusta

Embætti landlæknis vinnur með stjórnvöldum og fagfólki að tannheilbrigðismálum. Frá 1. janúar 2017 urðu tannlækningar gjaldfrjálstar, utan 2500 kr. árlegs komugjalds fyrir öll börn á aldrinum þriggja til og með 17 ára. Rúmlega 91% barna sem eiga rétt á gjaldfrjálsum tannlækningum frá 1. janúar 2017 hafa þegar verið skráð hjá heimilistannlækni. Nær allir starfandi tannlækna, hvort heldur þeir eru félagsmenn í TFÍ eða standa utan þess, eru aðilar að samningi um gjaldfrjálstar tannlækningar barna. [Sjá nánar](#).

Hjá embættinu er hafinn undirbúningur að því að meta gæði, umfang og árangur tannlæknisþjónustu hér á landi. Gert er ráð fyrir að þegar samningur um gjaldfrjálstar tannlækningar verður endurnýjaður árið 2019 verði samræmd greining og skráning heimilistannlækna skilgreind í samningi og nauðsynlegt fjármagn tryggt svo nálgast megi tannheilsugögn beint úr tölvukerfum tannlækna. Stefnt er að því að heimilistannlækna skrái upplýsingar um tannheilsu 5, 12 og 15 ára barna og að tannheilsuskráningin taki mið af bæði sjónrænni greiningu og röntgengreiningu. Einnig er í skoðun að kalla eftir tannheilsugögnum úr gagnagrunnum Sí svo unnt verði að leggja mat á varanleg áhrif ofangreindra kerfisbreytinga á tannheilsu íslenskra barna.

Í tengslum við árlega tannverndarviku 30. janúar til 3. febrúar voru landsmenn hvattir til að leggja áherslu á

heilbrigða lifnaðarhætti með því að draga úr neyslu sætinda og sykraðra drykkja. Veggspjaldið “Þitt er valið“ var uppfært og endurútféið auk þess sem Tannlæknafélagið sendi skilaboð til landsmanna með myndbandinu „[Þetta er ekki flókið](#)“.

Í 4.gr samnings milli Sjúkratrygginga Íslands og Tannlæknafélags Íslands um tannlækningar barna segir „Tannlæknir sér um innköllun barns í eftirlit eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og skráir ástand tanna og munnhols.

Skili barnið sér ekki í reglubundna skoðun til heimilistannlækni ber honum að tilkynna um slíkt til Sí sem miðlar upplýsingum áfram til EL og eftir atvikum til heilsugæslu.

Í 12.gr samnings milli Sjúkratrygginga Íslands og Tannlæknafélags Íslands um tannlækningar barna segir: Í samræmi við 1.mgr 45.gr.laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skulu Sí hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustunnar sé í samræmi við gerða samninga. Stofnunin hefur samráð við landlækni um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits.

Landlæknir hefur eftirlit með að framangreind þjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.



EFTIRLIT MEÐ HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU



Starfsleyfi

Einn liður í eftirliti Embættis landlæknis með heilbrigðisþjónustu er útgáfa starfsleyfa og sérfræðileyfa löggiltra heilbrigðisstarfsmanna sem hafa lögverndað starfsleyfi á Íslandi. Leyfin eru gefin út á grundvelli menntunar hér á landi eða erlendis. Einnig eru starfs- og sérfræðileyfi þeirra sem hafa starfsleyfi á EES-svæðinu staðfest samkvæmt reglugerð þar um og tilskipun Evrópusambandsins. Embættið gefur einnig út vottorð til staðfestingar á starfs- eða sérfræðileyfum sem gefin eru út á Íslandi. Árið 2017 voru gefin út 675 slík vottorð, en þau voru 472 árið á undan.

Í meðfylgjandi töflum má sjá hvernig útgáfa almennra starfsleyfa, sérfræðileyfa og viðurkenninga á starfsleyfum frá öðrum EES-rikkjum skiptist eftir heilbrigðisstéttum árið 2017.

Starfsstétt	Fjöldi
Félagsráðgjafi	3
Hjúkrunarfræðingur	33
Lífeindafræðingur	1
Ljós móðir	1
Lyfjafræðingur	
Læknir	86
Sálfræðingur	11
Sjúkraþjálfari	3
Tannlæknir	2
Samtals	140

Starfsstétt	Fjöldi
Fótaaðgerðafræðingur	1
Geislafræðingur	2
Hjúkrunarfræðingur	17
Iðjuþjálfari	1
Ljós móðir	2
Sérfræðileyfi lækna	52
Almennir læknir	21
Sjúkraliði	4
Sjúkraþjálfari	2
Tannlæknir	4
Samtals	106

Tegund	2014	2015	2016	2017
Almenn starfsleyfi	762	805	697	718
Sérfræðileyfi	89	92	100	140
Staðfestingarleyfi	51	34	75	106
Vottorð	432	708	472	675

Starfsstétt	Fjöldi
Áfengis- og vímuefnaráðgjafi	1
Bráðatæknir	4
Félagsráðgjafi	33
Fótaaðgerðafræðingur	1
Geislafræðingur	9
Hjúkrunarfræðingur	139
Hnykkir	2
Iðjuþjálfari	26
Lífeindafræðingur	12
Ljós móðir	10
Lyfjafræðingur	26
Lyfjatæknir	3
Læknir	95
Matartæknir	15
Matvælafræðingur	5
Náttúrufræðingur í heilbrigðisþjónustu	16
Næringarfræðingur	7
Næringarráðgjafi	
Næringarrekstrarfræðingur	
Osteópatí	
Sálfræðingur	47
Sjónætkjafraðingur	1
Sjúkraflutningamaður	57
Sjúkraliði	118
Sjúkranuddari	1
Sjúkraþjálfari	31
Stoðtækjafraðingur	
Talmeinafræðingur	9
Tannfræðingur	
Tannlæknir	13
Tannsmiður	3
Tanntæknir	1
Þroskaþjálfari	30
Samtals	718

Tegund	Fjöldi
Fjöldi tilkynninga um að rekstri sé hætt	17
Fjöldi tilkynninga um breytingar á rekstri	83
Fjöldi tilkynninga um rekstur	163
Fjöldi undanþága	18
Samtals	281


Rekstur í heilbrigðisþjónustu

Samkvæmt lögum eiga allir rekstraraðilar í heilbrigðisþjónustu, jafnt heilbrigðisstofnanir, heilbrigðisstarfsmenn með rekstur í eigin nafni og rekstrarfélög, að tilkynna fyrirhugaðan rekstur til landlæknis og lýsa þannig hvernig þeir hyggjast uppfylla tilteknar faglegar lágmarkskröfur.

Staðfesting landlæknis um að rekstur uppfylli faglegar lágmarkskröfur þarf að liggja fyrir áður en starfsemi heilbrigðisþjónustu hefst. Rekstraraðilar þurfa einnig að tilkynna til landlæknis ef breytingar verða á rekstri eða rekstrinum er hætt.

Árið 2017 bárust landlækni samtals 263 tilkynningar frá rekstraraðilum í heilbrigðisþjónustu. Þar af voru 17 tilkynningar um að rekstri væri hætt, 83 tilkynningar um breytingar á rekstri og að lokum 163 tilkynningar um rekstur.

Þá er rekstraraðilum stofa einnig skylt að sækja um undanþágu til að reka stofu eftir 75 ára aldur. Árið 2017 bárust 18 slíkar umsóknar, sjá töflu 6.





EFTIRLIT MEÐ HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

Eftirlit með lyfjaávisunum og lyfjanotkun

Lyfjateymi sinnir lyfjaeftirliti, lyfjatölfræði og fyrirspurnum sem berast til Embættis landlæknis vegna lyfjamála. Eftirlitið snýr mest að ávisunum ávanabindandi lyfja en einnig annarra lyfja, s. s. þunglyndislyfja og testósteróns.

Lyfjateymið er í beinum samskiptum og bréfasamskiptum við lækna í framhaldi af úttektum eða ábendingum vegna lyfjaávisana. Á árinu voru stofnuð 64 mál sem fólu í sér bréfasamskipti við lækna að frátöldum málum vegna ábendinga er varða lyfjanotkun einstaklinga. Lyfjateymið hafði lyfjanotkun 34 einstaklinga til skoðunar þar sem grunur var á að andlát mætti rekja til lyfjaeitrunar.

Kynningar vegna lyfjamála voru haldnar á þremur heilsugæslustöðvum og á læknaðögum með það að markmiði að stuðla að betri ávisanavenjum.


Alls voru birtir fimm pistlar frá lyfjateyminu um lyfjamál í Læknablaðinu, sjá vefsíðuna „[Pistlar um lyfjamál](#)“. Teymið birtir reglulega fréttir á heimasíðu embættisins

um lyfjanotkun, en tilgangur þess fréttáflutnings er meðal annars að vekja fólk til umhugsunar um lyfjanotkun.

Teymið er í miklu samstarfi við aðrar stofnanir eins og t.d. lyfjadeild Sjúkratrygginga Íslands vegna afgreiðslu lyfjaskírteina, ADHD-teymi LSH vegna greininga ásamt almennum fundum með Lyfjastofnun.

Lyfjagagnagrunnur

Árið 2016 var fyrsta árið sem lækna höfðu aðgang að öllum ávisunum skjólstæðinga sinna gegnum lyfjagagnagrunn landlæknis. Alls notuðu rúmlega 1100 lækna lyfjagagnagrunninn í hverjum mánuði. Rúmlega 2700 lækna, tannlækna og dýralækna ávisuðu lyfjum á Íslandi árið 2017 og standa vonir til þess að fleiri lækna verði virkir notendur að lyfjagagnagrunninum enda felast í því tækifæri til að auka öryggi lyfjaávisana og takmarka misnotkun og sóun lyfja. Í töflum 7 og 8 kemur fram breyting í ávisunum og fjölda notenda eftir lyfjaflokkum milli árána 2016 og 2017.



Tafla 7. Ávísaðir dagskammtar (DDD/1000 íbúa á dag) eftir lyfjaflokkum árið 2016 og 2017

ATC	Lyfjaheiti	2016	2017	Breyting(%)
A	Meltingafæra- og efnaskiptalyf	165,4	172,5	4,3
B	Blóðlyf	108,0	113,4	5,0
C	Hjarta- og æðasjúkdómalyf	380,2	381,7	0,4
D	Húðlyf	24,6	23,8	-3,3
G	Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og kynhormónar	111,9	110,8	-1,0
H	Hormónalyf, önnur en kynhormónar	45,0	45,1	0,3
J	Sýkingalyf	23,0	23,5	2,3
L	Æxlishefjandi lyf og lyf til ónæmistemperunar	14,8	15,6	5,8
M	Vöðvasjúkdóma- og beinagrindalyf	54,3	55,2	1,7
N	Tauga- og geðlyf	333,7	341,9	2,5
R	Öndunarfæralyf	95,0	97,0	2,1
S	Augn- og eyrnalyf	14,4	13,6	-5,2

Tafla 8. Fjöldi einstaklinga sem fékk ávísað lyfjum á 1000 íbúa eftir lyfjaflokkum árið 2016 og 2017

ATC	Lyfjaheiti	2016	2017	Breyting(%)
A	Meltingafæra- og efnaskiptalyf	200,8	204,7	2,0
B	Blóðlyf	94,4	97,2	3,0
C	Hjarta- og æðasjúkdómalyf	234,6	236,1	0,6
D	Húðlyf	167,3	169,6	1,3
G	Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og kynhormónar	183,0	182,2	-0,4
H	Hormónalyf, önnur en kynhormónar	114,0	116,2	2,0
J	Sýkingalyf	380,7	373,7	-1,8
L	Æxlishefjandi lyf og lyf til ónæmistemperunar	20,7	21,7	4,9
M	Vöðvasjúkdóma- og beinagrindalyf	185,3	183,5	-1,0
N	Tauga- og geðlyf	376,2	378,8	0,7
R	Öndunarfæralyf	224,4	231,2	3,0
S	Augn- og eyrnalyf	126,8	124,8	-1,6

SÓTTVARNIR



Starfsáætlun 2016–2017. Aðaláherslur

Samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997 felast ábyrgð og starfsskyldur sóttvarnalæknis einkum í:

- Vöktun ýmissa smitsjúkdóma, eiturefna og geisla-virkra efna sem ógnað geta almannaheill með bráðum hætti.
- Úrvinnslu og greiningu upplýsinga um ofangreinda sjúkdóma.
- Opinberum viðbrögðum við ofangreindum sjúkdómum.
- Að vera tengiliður við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO) um málefni er snerta alþjóðaheilbrigðisreglugerðina sem tók gildi hér á landi 15. júní 2007 og er bindandi sáttmáli aðildarþjóða WHO.
- Að vera landstengiliður við Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC).

Samkvæmt Starfsáætlun Embættis landlæknis 2017–2018 voru aðaláherslur sóttvarnasviðs fjórar:

1. Að tryggja aðgang að áreiðanlegum upplýsingum og miðlun þeirra

Samkvæmt reglugerð nr. 221/2012 (með breytingu nr. 816/2012), sem byggir á sóttvarnalögum, ber sóttvarnalækni að halda skrá um 59 tilkynningarskylda og 37 skráningarskylda sjúkdóma. Upplýsingar um þessa sjúkdóma berast til sóttvarnalæknis eftir þremur meginleiðum:

1. Frá rannsóknarstofum Landspítala (LSH) í sýkla- og veirufræði.
2. Frá meðhöndlandi læknum.
3. Rafrænt frá heilbrigðisstofnunum.

Samkvæmt sömu lögum ber sóttvarnalækni að miðla upplýsingum um [tilkynningarskylda sjúkdóma](#) og [skráningarskylda sjúkdóma](#) til innlendra og erlendra samstarfsstofnana, til heilbrigðisyfirvalda og til almennings.



Á árinu 2017 var unnið að sjálfvirkum rafrænum flutningi upplýsinga frá rannsóknarstofum LSH. Ekki tókst að ljúka verkefninu á árinu en vonir eru bundnar við að því muni ljúka á fyrri hluta árs 2018. Sjá einnig bls. 15.

Meðhöndlandi lækna þurfa í dag að senda sóttvarnalækni klínískar tilkynningar með faraldsfræðilegum upplýsingum um sjúklinga sem greindir eru með tilkynningarskylda sjúkdóma. Töluverður misbrestur hefur verið á heimtum þessara tilkynninga og eru vonir bundnar við að rafrænt fyrirkomulag

sendinganna muni auka heimturnar. Ekki tókst að hefja það verk á árinu 2017 eins og vonir stóðu til en vonandi mun það hefjast á árinu 2018.

Með bættem gagnagrunnum má bæta upplýsingamiðlun til almennings, heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisyfirvalda. Einnig verður upplýsingagjöf til erlendra samstarfsaðila eins og Sóttvarnastofnunar Evrópu (ECDC) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) auðveldari.

Farsóttufréttir komu út fjórum sinnum á árinu 2017 en í þeim eru birtar upplýsingar um mikilvægustu málefni sóttvarna sem uppi eru á hverjum tíma. Farsóttufréttir eru gefnar út ársfjórðungslega, á íslensku og ensku.

Sóttvarnalæknir gefur einnig út [ítarlega farsóttaskýrslu](#) á hverju ári en í henni má fá ítarlegt yfirlit yfir faraldsfræði ýmissa smitsjúkdóma, aðra sjúkdóma sem til sóttvarna heyra sem og aðra starfsemi sem innt er af hendi á sóttvarnasviði.

Á árinu 2017 voru einnig gefnar út [skýrslur um þátttöku í almennum bólusetningum á árinu 2016, sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi á árinu 2017](#).

Veturinn 2016–2017 birti sóttvarnalæknir vikulegar fréttir um faraldsfræði inflúensu og upplýsingar um öndunar- og meltingarfærasykingar í samfélaginu.

2. Að virkja heilsugæslu í útfærslu sóttvarna

Í reglugerð nr. 387/2015 er kveðið á um tilnefningu yfirlækna heilsugæslustöðva á Íslandi sem skulu vera ábyrgir fyrir sóttvörnum í sínu umdæmi undir stjórn sóttvarnalæknis. Sjö yfirlæknar heilbrigðisumdæma eru skipaðir umdæmislæknar sóttvarna og þeim til aðstoðar eru heilsugæslulæknar skipaðir sem svæðislæknar sóttvarna.

SÓTTVARNIR



Með þessu fyrirkomulagi er hægt að virkja heilsugæsluna betur við útfærslu sóttvarna og skapa þannig möguleika á markvissari meðferð við að hefta útbreiðslu hættulegra smitsjúkdóma í samfélaginu.

Reglulegir fundir með umdæmis- og svæðislæknum sóttvarna hófust á árinu 2017. Stefnt er að áframhaldi slíkra funda á árinu 2018 bæði með notkun síma, netmiðla og með hefðbundnu fundarhaldi.

3. Gerð og innleiðing viðbragðsáætlana og leiðbeininga um sóttvarnir.

Í sóttvarnalögum nr. 19/1997 er kveðið á um að sóttvarnalæknir sé ábyrgur fyrir opinberum og almennum sóttvarnaaðgerðum vegna smitsjúkdóma, eiturfena, geislavirkra efna og óvæntra atburða sem ógnað geta almannaheill. Í stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum frá 2015 er kveðið á um að gerð viðbragðsáætlana um sóttvarnir sé í höndum sóttvarnalæknis og eru þær áætlanir hluti af almannavarnakerfinu á Íslandi. Einnig er í lögum um almannavarnir nr. 82/2008 kveðið á um ábyrgð og skyldu einstakra ráðuneyta og undirstofnana þeirra að semja viðbragðsáætlanir í samræmi við lög sem um starfsvið þeirra gilda í samvinnu við ríkislögreglustjóra.

Á árinu 2017 var unnið að og lokið við gerð eftirfarandi viðbragðsáætlana í samstarfi við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra:

1. [Viðbragðsáætlun sóttvarna \(Landsáætlun\) fyrir hafnir og skip](#). Gerð áætlunarinnar hófst á árinu 2016 og lauk í byrjun árs 2017. Innleiðingu áætlunarinnar lauk á árinu 2017.



2. [Viðbragðsáætlun fyrir Keflavíkurlflugvöll](#) lauk á árinu 2015. Á árinu 2016 var hafist handa við að innleiða áætlunina fyrir aðra alþjóðflugvelli landsins þ.e. í Reykjavík, Akureyri og á Egilsstöðum og lauk þeirri vinnu á árinu 2017.
3. [Sniðmát að viðbragðsáætlunum heilbrigðisstofnana](#). Sniðmátið var unnið í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og Landspítalann. Tilgangur með gerð sniðmátsins er að heilbrigðisstofnanir geti nýtt sér það við gerð eigin viðbragðsáætlana og stuðli það að auknum gæðum viðbragðs-áætlana. Vonir standa til að þessari vinnu ljúki á landsvísi árið 2018.
4. [Opinberar leiðbeiningar um varnir gegn gosösku](#).

Vinna við leiðbeiningarnar hófst á árinu 2017 í samvinnu við ýmsar innendar stofnanir og lauk í lok árs 2017.

4. [Skýrsla um áhrif Holuhraungossins á umhverfi og heilsu](#). Skýrslan var unnin undir forystu Landbúnaðarháskóla Íslands í samvinnu við ýmsa innlenda aðila en sóttvarnalæknir koma að greinargerð um áhrif á heilsu manna.

Aðrar áætlanir og leiðbeiningar sem komu út á árinu 2017 voru:

1. [Rannsókn á liðsýkingum í kjölfar liðspeglana á Íslandi](#).
2. [Verklagsreglur um læknisrannsókn á fólki sem flyst til Íslands](#).
3. [Sóttþreinsun og dauðþreinsun á skurðstofum](#).
4. [Greinargerð starfshóps um útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi](#).
5. Algengisskráning spítalasýkinga í samvinnu við Landspítalann, Sjúkrahúsið á Akureyri og Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC).

4. Stuðla að skynsamlegri notkun sýklalyfja

Á undanförunum árum hefur mikil umræða átt sér stað á alþjóðavísu um þá hættu sem stafar af dreifingu sýklalyfjaónæmra baktería. Starfshópur heilbrigðisráðherra skilaði [tillögum um aðgerðir hér á landi til að stemma stigu við sýklalyfjaónæmi](#).

Á árinu 2017 hófst samvinna sóttvarnalæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um aðgerðir sem miða að því að auka skynsamlega notkun sýklalyfja hér á landi. Áformað er að útvíkka þessar aðgerðir til annarra heilsugæslusvæða og sérfræðilækna á árinu 2018.



Starfsáætlun 2016–2017. Aðaláherslur

Rannsóknin *Heilsa og líðan Íslendinga 2017*

Embætti landlæknis stóð fyrir rannsókninni *Heilsa og líðan Íslendinga* í fjórða sinn í október 2017. Meginmarkmið hennar er að leggja mat á heilsu, líðan og lífs-gæði landsmanna, auk þess að mæla með reglubundnum hætti helstu áhrifaþætti heilbrigðis. Er rannsóknin ein besta heimild sem völ er á um lýðheilsu hér á landi á hverjum tíma og er embættinu, rannsakendum og stjórnvöldum dýrmætur efniviður við ákvarðanatöku um aðgerðir er lúta að heilsu og velferð landsmanna.

Spurningalisti, sem samanstóð af tæplega 100 númeruðum spurningum, var lagður fyrir 10 þúsund full-orðna einstaklinga á landinu öllu. Um 6.000 þeirra höfðu samþykkt áframhaldandi þátttöku í síðustu fyrirlögn en að auki var nýtt 4.000 manna tilviljunarúrtak íslenskra ríkisborgara, 18 ára og eldri, með í rannsókninni að þessu sinni.

Fram til þessa hafði spurningalisti rannsóknarinnar eingöngu verið lagður fyrir á pappírformi en sú breyting var gerð árið 2017 að helmingur þátttakenda fékk spurningalistann á rafrænu formi en hinn helmingurinn svaraði á pappír. Með þessu var fyrsta skrefið stigið í þá átt að færa rannsóknina yfir á rafrænt form. Þannig var leitast við að koma til móts við svarendur sem í síaukunum mæli nýta sér upplýsingatækni í daglegu lífi.

Alls svöruðu tæplega 6.800 manns spurningalistanum í ár og var svarhlutfall nálægt 69%. Hefur það aldrei verið hærra frá því rannsóknin var fyrst lögð fyrir. Af þeim sem völdust til þátttöku í póstkönnuninni tóku ríflega 71% þátt en rúmlega 66% þeirra sem lentu í rafræna úrtakinu

tóku þátt. Hluti síðarnefnda hópsins óskaði þó eftir að svara spurningalistanum á pappírformi.



Greining lýðheilsuvísa niður á stærstu sveitarfélögin

Á árinu 2017 voru lýðheilsuvísar birtir í annað sinn eftir heilbrigðisumdæmunum sjö. Birting lýðheilsuvísa er liður í því að veita yfirsýn yfir lýðheilsu í hverju umdæmi fyrir sig í samanburði við landið í heild. Við val á lýðheilsuvísu var sjónum beint að þeim áhrifaþáttum heilsu og líðanar sem fela í sér tækifæri til heilsueflingar og forvarna. Þá var einnig leitast við að draga fram þætti í

sjúkdómabyrði sem mikilvægt er að heilbrigðisþjónusta hvers umdæmis geri sér grein fyrir og bregðist við eftir föngum.

Lýðheilsuvísu er ætlað að auðvelda sveitarfélögum og heilbrigðisþjónustu að greina stöðuna í sínu umdæmi, finna styrkleika og veikleika og skilja þarfir íbúanna þannig að þau geti unnið saman að því að bæta heilsu og líðan. Mikil eftirspurn er eftir því að greina lýðheilsuvísa niður á smærri svæði en heilbrigðisumdæmi og einstök sveitarfélög. Á árinu 2017 voru gerðar tilraunir með að reikna tiltekna vísa niður á þrjú af fjölmennustu sveitarfélögum landsins. Á árinu var einnig hafinn undirbúningur að gagnvirkri birtingu lýðheilsuvísa á vef embættisins. Þessi vinna er liður í því að koma til móts við þarfir sveitarfélaga og heilsueflandi samfélags og í því að birta lykilverðingargagna með gagnvirkum hætti.

Rafrænn flutningur gagna um tilkynningaskylda og skráningarskylda sjúkdóma

Á árinu var unnið að því að rannsóknarniðurstöður um tilkynningar- og skráningarskylda sjúkdóma berist, rafrænt og í rauntíma, úr Glims, skráningarkerfi Landspítala í smitsjúkdómaskrá söttvarnalæknis. Verkið hefur tekið lengri tíma en áætlað var en í lok 2017 sá fyrir endann á því. Þetta verkefni mun tryggja að réttari, betri og tímanlegri gögn berist til söttvarnalæknis í framtíðinni auk þess sem tímafrek handavinna sem fylgt hefur núverandi móttöku gagna mun hverfa.

HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR




Önnur helstu viðfangsefni

Greining á starfsemi einkarekinnar heilbrigðisþjónustu

Í skýrslu ráðgjafafyrirtækisins McKinsey sem birt var haustið 2016 kom fram að hálskirtlatökur á Íslandi væru u.þ.b. þrefalt algengari en í nágrannalöndunum. Nánast allar þessar aðgerðir eru gerðar af sérfræðingum á stofu og greitt er fyrir hverja aðgerð samkvæmt rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands sem sérgreinalæknar gerast aðilar að. Á árinu birtist enn fremur greinaflokkur í tímaritinu *The Lancet* sem fjallar um „réttu heilbrigðisþjónustu“ og hvernig beri að forðast ofnotkun á læknisverkum. Þessar upplýsingar voru hvati þess að Embætti landlæknis gerði sérstaka greiningu á tíðni aðgerða í einkarekinni heilbrigðisþjónustu.

Rannsókuð var tíðni fjögurra tegunda aðgerða hér á landi síðastliðin tíu ár, þ.e. ristilspeglanir, speglanir á hnjáliðum, rörisetning hjá börnum og hálskirtlatökur og niðurstöður bornar saman við



Mynd: Meðalþyngdarstuðull ACG flokkunar hjá heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu.

aðgerðir sem framkvæmdar eru í nágrannalöndunum.

Niðurstöður könnunar Embættis landlæknis benda til að tíðni ofangreindra aðgerða sé mun hærri hér á landi en í nágrannalöndunum. Á sama tíma bentu biðlistar hér á landi til þess að gerðar væru of fáar aðgerðir sem fyrst og fremst eru gerðar á opinberum stofnunum. Því þótti ástæða til að ætla að fjöldi aðgerða tengist að einhverju leyti ólíkum greiðslukerfum í opinberri og einkarekinni þjónustu eins og bent var á í skýrslu McKinsey.

Samskiptaskrá heilsugæslustöðva

Í ársbyrjun 2017 var tekið upp nýtt fjármögnunarkerfi fyrir heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu. Í nýja kerfinu er stuðst við aðferðafræði sem byggist á því að fjármagn til rekstrar hveðrar heilsugæslustöðvar endurspeglar þann sjúklingahóp sem viðkomandi stöð þjónar. Einu sinni í mánuði sér Embætti landlæknis um að reikna út fyrir hverja heilsugæslustöð nokkra af þeim þáttum sem lagðir eru til grundvallar í nýja fjármögnunarkerfinu. Þessir þættir eru þyngdarstuðull, þarfavísitala og tiltekin gæðaviðmið.


Í útreikningunum voru notuð gögn úr einni af heilbrigðisskrám landlæknis, samskiptaskrá heilsugæslu. Í skrána berast gögn um samskipti frá öllum

heilsugæslustöðvum landsins, í samræmi við fyriræli landlæknis um lágmarksskráningu. Grundvöllur þessarar vinnu eru rauntímasendingar gagna frá heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu í samskiptaskrána, en þeim var komið á árið 2016.

Rauntímasendingum frá heilsugæslustöðvum utan höfuðborgarsvæðisins var síðan komið á árið 2017. Gögn samskiptaskrár ásamt gögnum bólusetningaskrár eru einnig nýtt í hverjum mánuði til þess að reikna stöðu á tilteknum gæðaviðmiðum sem tilheyra nýja fjármögnunarkerfinu.

Eftirlit með biðlistum og skráning biðlista

Þrisvar á ári kallar Embætti landlæknis eftir upplýsingum um stöðu á biðlistum eftir völdum aðgerðum á helstu aðgerðastöðum landsins. Embættið hefur gefið út viðmiðunarmörk fyrir biðtíma eftir heilbrigðisþjónustu þar sem ásættanleg bið eftir þjónustu telst vera 90 dagar frá greiningu að meðferð. Áhersla er þess vegna lögð á að



Mynd: Hlutfall einstaklinga á biðlista sem hafði beðið skemur en 3 mánuði.

Aðgerðirnar sem eru tilgreindar á myndinni eru hluti af biðlistaátakinu. Myndin sýnir hlutfall fólks sem hafði verið á biðlista skemur en í 3 mánuði á þeim aðgerðastöðum sem taka þátt í biðlistaátakinu. Punktalínan sýnir viðmiðunarmörk sem gilda víða erlendis um að 80% eigi að komast í aðgerði innan þriggja mánaða.

HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR



fylgjast sérstaklega með hve hátt hlutfall hefur beðið lengur en sem nemur þessum viðmiðunarmörkum (og lengur en 6, 9 eða 12 mánuði).

Í mars 2016 var ráðist í átak til að stytta biðlista eftir ákveðnum aðgerðum. Í þeim þremur greinargerðum sem birtar voru á árinu um bið eftir völdum skurðaðgerðum var sérstök áhersla lögð á að skoða bið eftir þessum aðgerðum, þ.e. liðskiptaaðgerðum, skurðaðgerðum á augasteini og hjartaþræðingum.

Almennt hefur þeim fjölgað hlutfallslega sem hafa beðið í ásættanlegan tíma, að undanskildum þeim sem bíða eftir hjartaþræðingum. Rétt er að geta þess að myndin gefur ekki til kynna hvenær fólk komst raunverulega í aðgerð, einungis hve lengi fólk hafði beðið á tilteknum tímapunktum. Þá er eingöngu um að ræða mat á biðtíma eftir að viðkomandi var settur á biðlista, en bið eftir tíma hjá skurðlækni á aðgerðastað er ekki talin með.

Á árinu 2017 var unnið að endurbættri biðlistaskráningu í sjúkraskrárkerfinu Sögu. Verkefnið er fyrsta skrefið í að koma á fót miðlægum rafrænum upplýsingum um bið einstaklings eftir heilbrigðisþjónustu til þess að styðja eftirlit með þjónustunni. Hugbúnaðarvinnu vegna endurbætts biðlista eftir skurðaðgerðum lauk á árinu en tafir urðu á því að heilbrigðisþjónustan prófaði skráningarkerfið með fullnægjandi hætti. Þær prófanir verða framkvæmdar fyrrihluta árs 2018 og er stefnt að innleiðingu hinnar nýju biðlista-einingar að því loknu.

Gögn úr heilbrigðisskrám til vísindarannsóknna

Gögn úr gagnagrunnum á ábyrgð landlæknis og sóttvarnalæknis eru nýtt í vísindarannsóknir af margvíslegum toga. Stór hluti umsókna er vegna rannsókna meistara- og doktorsnema en einnig nýta heilbrigðisstarfsmenn og

vísindasamfélagið gögn frá embættinu við rannsóknir sínar. Á árinu 2017 bárust 39 nýjar umsóknir um gögn en þær voru 43 á árinu 2016. Sérstök innanhússnefnd fjallar um hverja umsókn fyrir sig.

Fjöldi nýrra umsókna segir þó ekki alla söguna þar sem að oft er sótt um gögn úr fleiri en einum grunni og einnig bætast iðulega við viðbótargagnavinnslur þegar vísindarannsókn stendur yfir í lengri tíma. Gögn sem helst er leitað eftir eru úr lyfjagagnagrunni, dánarmeinaskrá og fæðingaskrá. Ýmist eru útbúin úrtök gagna úr einum eða fleiri gagnagrunnum eða framkvæmdar samkeyrslur gagna úr eigin gagnagrunnum eða við gögn frá öðrum ábyrgðaraðilum.

Á árinu 2017 var innleitt nýtt kerfi til miðlunar á ópersónugreinanlegum gögnum frá Embætti landlæknis til Íslenskrar erfðagreiningar vegna vísindarannsókna fyrirtækisins. Var það gert að loknu áhættumati og með aðkomu Persónuverndar. Með nýja kerfinu, svokölluðu IPS-kerfi, færast dulkóðun gagnanna til embættisins, án milligöngu þjónustumiðstöðvar rannsóknarverkefna.

Starfsleyfaskrá—Rekstaraðilaskrá

Ný starfsleyfaskrá og rekstraraðilaskrá Embættis landlæknis, sem teknar voru í notkun 2016 og 2017, eru þróaðar í Apex þróunarhugbúnaði, en Apex þróunin var alfarið flutt til embættisins á árinu 2017. Áður hafði þróun kerfanna verið unnin af starfsmönnum Miracle ehf.

Á árinu 2017 var markvisst unnið að áframhaldandi þróun starfsleyfaskrár auk annarra kerfa og mörg góð umbótaverkefni litu dagsins ljós, m.a. meðhöndlun umsókna og rafræn miðlun til annarra stofnana og

apóteka. Gríðarleg vinna hefur farið í að gæðaprófa og bæta gæði gagna í starfsleyfaskrá í kjölfar innleiðingar úr eldra kerfi og er loks farið að sjá fyrir endann á því. Áfram mun haldið í þróun næstu áfanga kerfanna og áherslan lögð á rafræna stjórnsýslu og birtingu ganga á vef embættisins.

Hýsing og rekstur upplýsingakerfis Embættis landlæknis

Á árinu 2016 fór fram umræða um fyrirkomulag hýsingar kerfa og gagna embættisins. Valkostir vegna reksturs upplýsingakerfa og gagnasafna voru skilgreindir og áhættugreindir. Í kjölfar þeirrar vinnu var síðla árs 2016 ákveðið að fara út í örutboð í samvinnu við Ríkiskaup. Óskaði Ríkiskaup, fyrir hönd Embættis landlæknis, eftir tilboðum í rekstur og hýsingu upplýsingakerfa stofnunarinnar, sbr. tilvísun í lög um opinber innkaup nr. 84/2007. Útboðsgögnin voru í þremur einingum, grunnkerfi, alrekstri og Heklu skeytamiðlara, þar sem Hekla var valkvæm en tekið fram að fyrst yrði litið til lægsta tilboðs í allar einingarnar. Sömu leiðis áskildi embættið sér rétt til að hafna öllum tilboðum, væru þau yfir kostnaðarmati embættisins.

Í lok árs 2016 var tilboði Advania í hýsingu og alrekstur tekið, en alls sendu sjö aðilar inn 8 tilboð og reyndist Advania lægst eftir að búið var að yfirfara öll tilboðin gaumgæfilega. Vinna við samningagerð, ítarlega kerfis-handbók og nánari útfærslu hýsingarinnar hófst strax í byrjun árs 2017. Í byrjun maí sama árs voru allir miðlarar embættisins fluttir yfir í gagnaver Advania. Um vorið var byrjað að undirbúa flutning Hekla-heilbrigðisnets úr hýsingu hjá Nýherja yfir til Advania. Flutningurinn fór fram í skrefum og var markmiðið að notendur Heklu yrðu

HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR




sem minnst varir við breytingarnar.

Allt árið var unnið að því að koma rekstrinum í gott og hnökralaust form hjá nýjum hýsingaraðila, vöktun miðlara og þjónusta tryggð. Nú er unnið að endurskipulagningu rekstrarumhverfis þar sem þess er þörf, til einföldunar og hagræðingar. Gríðarleg vinna hefur verið lögð í úthýsinguna, ekki síst til þess að tryggja öryggi upplýsinga með ströngum öryggiskröfum, stífum aðgangsstýringum, vönduðu verklagi, góðri skjölun og góðri yfirsýn embættisins yfir rekstrarumhverfið hjá Advania.

Stefna um rafræna sjúkraskrá til 2020

Sérstök stefna um rafræna sjúkraskrá og heilbrigðisnet hefur verið í gildi frá árinu 2016. Stefnan nær til ársins 2020 og er sérstök starfsáætlun, sem tekur mið af stefnunni, uppfærð árlega. Helstu áherslur á árinu 2017 tengdust eftirfarandi verkefnum:



Mynd: Fjöldi fyrirspurna í samtengdri sjúkraskrá á mánuði árin 2016 og 2017

Samtengingar


Samtengd sjúkraskrá veitir heilbrigðisstarfsfólki aðgang að mikilvægum upplýsingum um sjúklinga sína sem skráðar hafa verið í sjúkraskrár á öðrum heilbrigðisstofnunum.

Þannig fær heilbrigðisstarfsmaður betri yfirsýn yfir heilsufar skjólstæðinga sinna, sem stuðlar að auknu öryggi í greiningu og aukinni samfellu í meðferð sjúklinga. Þegar hafa öll sjúkrahús og heilsugæslustöðvar landsins sem nota sjúkraskrárkerfið Sögu verið samtengd. Á árinu 2017 var markmið embættisins að samtengja sjúkraskrár hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingum ásamt hjúkrunarheimilum. Það markmið náðist, en skilyrði fyrir samtengingunni er að læknastofur og hjúkrunarheimili komi sér upp virku öryggiskerfi til að vernda heilsufarsupplýsingar eins vel og kostur er.

Notkun heilbrigðisstarfsmanna á samtengdri sjúkraskrá eykst í takt við fjölgun samtengdra stofnana. Heildarfjöldi fyrirspurna í samtengdri sjúkraskrá var 340.242 árið 2017 en 111.914 árið 2016. Fjöldi fyrirspurna rúmlega þrefaldaðist á milli ára. Sjá mynd neðst til vinstri.

Lyfjagagnagrunnur og rafrænir lyfseðlar

Lyfjagagnagrunnur landlæknis gegnir fjölþættu hlutverki. Hann er undirstaða eftirlits með lyfjanotkun og lyfjaávisunum ásamt því að vera mikilvægur og vaxandi þáttur í daglegu starfi lækna við útgáfu lyfjaávisana. Læknar hafa aðgang að lyfjagagnagrunni eftir öruggum rafrænum leiðum og geta flett upp þriggja ára lyfjasögu skjólstæðinga sinna ásamt því að geta gefið út rafræna lyfseðla. Útgáfa rafrænna lyfseðla eykst sífellt og útgáfa annarra tegunda þ.e. lyfseðla á pappír og símsendra dregst saman. Sjá mynd efst til hægri.



Mynd: Hlutfall rafrænna lyfseðla af heildarfjölda lyfjaávisana árið 2017

Á árinu 2017 ávísaðu læknar 1.962.924 lyfseðlum og voru ávísaðir rafrænir lyfseðlar 93% af öllum ávísaðum lyfseðlum. Taka ber fram að hver lyfjaávisun getur innihaldið nokkrar afgreiðslur á lyfi úr apóteki, þannig að afgreiddir lyfseðlar eru fleiri en ávísaðir.

Heilsuvera

Frá því í byrjun október 2014 hafa landsmenn haft aðgang að Heilsuvera.is og geta nú á öruggan hátt bókað tíma hjá heimilislækni, óskað eftir endurnýjun lyfseðla, haft yfirlit yfir lyfjasögu sína, ófnæmi og bólusetningar, tekið afstöðu til líffæraflutninga og skráð inn eigin mælingar á blóðþrýstingi, púlsi, hita, blóðsykri, hæð og þyngd. Allar heilsugæslustöðvar landsins eru nú tengdar Heilsuveru. Enn þjóða þó ekki allar heilsugæslustöðvar upp á örugg rafræn samskipti við heilbrigðisstarfsmenn. Níu heilsugæslustöðvar bættust í hópinn á árinu 2017 og voru þá samtals 15 heilsugæslustöðvar sem buðu þá þjónustu. Á árinu voru einnig sett af stað verkefni, með Barnaspítala Landspítalans um innleiðingu á *Heilsuveru* á sjúkrahús auk verkefnis um rafrænar tímabókanir hjá

HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR




sjálfstætt starfandi sérfræðingum.

Í marsmánuði fór af stað þriggja vikna auglýsingaherferð um *Heilsuveru* þar sem auglýsingar voru birtar á vefmiðlum landsins og veggspjöld hengd upp á heilsugæslustöðvum og í lyfjabúðum. Mikil aukning varð á notkun almennings á þjónustunni eftir auglýsingaherferðina. Heildarfjöldi innskráninga á vefsíðuna árið 2017 var 287.167, sem er tæplega þreföldun frá fyrra ári þegar innskráningar voru rétt rúmlega 100.000. Að meðaltali voru um 24.000 innskráningar í hverjum mánuði og tæplega 1000 á degi hverjum árið 2017.

Beiðni um lyfjaendurnýjun var mest notaða þjónustan og voru tæplega 75.000 beiðnir sendar á árinu. Heildarfjöldi einstaklinga sem skráðu sig inn á vefinn rúmlega tvöfaldaðist á milli árána 2016 og 2017, en notendur voru 16.745 árið 2016 og 34.831 árið 2017.

Í apríl 2017 fékk vefurinn *Heilsuvera.is* mikla viðurkenningu þegar vefsíðan var viðurkennd af *OECD Observatory of Public Sector Innovation (OPSI Database)*, en yfir 150 tilnefningar bárust frá 46 löndum. Einungis tíu tilnefningar voru samþykktar og hlaut *Heilsuvera.is* viðurkenningu.

Í byrjun nóvember var vefurinn *Heilsuvera.is* einnig gerður




Mynd: Fjöldi mánaðarlegra innskráninga á Mínnar síður á Heilsuvera.is jan.2016-des.2017

að fræðsluvef um heilbrigðismál og heilsueflandi hegðun. Aðgangur að eigin heilbrigðisupplýsingum færðist þá undir *Mínnar síður* á *Heilsuvera.is*. Um var að ræða samstarfsverkefni embættisins og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og var netspjalli við hjúkrunarfræðing heilsugæslunnar einnig bætt við heimasíðuna.

Í júnímánuði var sú breyting gerð á tölfraðilegri úrvinnslu á *Mínnar síðum* á *Heilsuvera.is* að hægt er að sjá notkun eftir kyni og aldri. Ekki kemur á óvart að konur eru meirihluti notenda og er lítil munur á notkun þeirra kvenna sem eru á aldrinum 30-59 ára. Kynjamunur á notkun minnkar með aldrinum og þegar 70 ára aldri er náð er nánast enginn munur á notkuninni, en karlmenn eru þó örlítið fleiri. Nauðsynlegt er að vera skráður á heilsugæslustöð og nota rafræn skilríki til þess að fá aðgang að *Mínnar síðum* á *Heilsuvera.is*

Rafræn mæðraskrá

Á árinu hélt áfram umfangsmikil vinna við að þróa og prófa rafræna mæðraskrá í samvinnu við hugbúnaðarfyrtækið Origo (áður TMSoftware). Að þróuninni komu fagaðilar á sviði mæðraeftirlits og fæðinga frá Landspítala,



Fjöldi innskráninga í Heilsuvera.is á Mínnar síður eftir kyni og aldri 1. júní 2017-31. desember 2017

Sjúkrahúsinu Akureyri, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Umfangsmikil kynning fór fram á mæðraskránni um land allt á haustmánuðum og var mæðraskráin formlega innleidd í desember á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, fyrst allra heilbrigðisstofnana. Ekki tókst að innleiða mæðraskrána hjá fleiri stofnunum á árinu 2017 en aðrar stofnanir munu taka hana upp árið 2018. Mæðraskráin verður samtengd þannig að upplýsingar um verðandi móður verða aðgengilegar þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem henni sinna hvar sem er á landinu.

Flokkunarkerfi

Embætti landlæknis gefur út fyrirmæli um hvaða flokkunarkerfi skuli notuð við skráningu kóðaðra sjúkraskrárupplýsinga í heilbrigðisþjónustu á Íslandi, en skráning í sjúkraskrá þarf að fylgja ákveðnum stöðlum og verklagi til að tryggja áreiðanleika og raunhæfan samburð á veittri heilbrigðisþjónustu. Allir heilbrigðisstarfsmenn sem skrá upplýsingar í sjúkraskrá eiga að nýta til þess kóðuð flokkunarkerfi sem landlæknir mælir fyrir um notkun á.

Má þar nefna *International Classification of Diseases (ICD-10)* fyrir sjúkdómsgreiningar, *NOMESCO Classification of Surgical Procedures (NCSP)* fyrir aðgerðir í skurðlækningum, *International Classification of Primary Care (ICPC-2)* fyrir tilefni komu í heilsugæslu og flokkunarkerfi fyrir skráningu í hjúkrun. Á árinu náðist sá mikli áfangi að lokið var við þýðingu á alþjóðlega flokkunarkerfinu *International Classification for Nursing Practice (ICNP)*, sem er notað til að skrá greiningar og meðferðir í hjúkrun. eru það þær Ásta Thoroddsen og Brynja Örlýgsdóttir hjúkrunarfræðingar sem eiga veg og vanda af þeirri þýðingu.

ÁHRIFAPÆTTIR HEILBRIGÐIS



Starfsáætlun 2017-2018. Aðaláherslur

Í Starfsáætlun Embættis landlæknis 2017-2018 voru settar fram fjórar aðaláherslur. Áherslan á sviði áhrifapátta heilbrigðis (ÁPH) var helst að „Hvetja og styðja við heilsueflingu“. Undir þessum áherslum var sett fram áætlun í fjórum liðum.

1. Styðja sveitarfélög, skóla og heilsugæslu í heilsueflandi starfi

Megináherslan á sviði áhrifapátta heilbrigðis á árinu 2017 var vinna við þróun á Heilsueflandi samfélagi. Meginmarkmið Heilsueflandi samfélags er að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífsháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa.

Öll sveitarfélög á landinu geta sótt um að gerast Heilsueflandi samfélag, en í lok árs 2017 höfðu 15 sveitarfélög, sem ná til 74% landsmanna, skrifað undir samstarfsamning við Embætti landlæknis um að gerast Heilsueflandi samfélag. Á árinu var boðið upp á vinnustofur víðsvegar um landið fyrir sveitarfélög, skóla og heilsugæslur þar sem boðið var upp á fróðleik og samtal um Heilsueflandi samfélag.

Leiðarljós Heilsueflandi samfélags:

- Virk þátttaka samfélagsins í heild, þ.m.t. hagsmunaaðila úr öllum geirum.
- Starfið byggir á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.
- Valda ekki skaða.
- Jöfnuður til heilsu með almennum aðgerðum og aðgerðum sem taka tillit til þarfa viðkvæmra hópa.
- Sjálfbærni.

Heilsueflandi leikskóli

Árið 2017 skráðu 36 leikskólar sig í Heilsueflandi leikskóla en opnað var fyrir skráningar haustið 2016. Í lok árs 2017 voru 55 leikskólar skráðir. Árið var viðburðarríkt en auk þess að taka þátt í vinnustofum Heilsueflandi samfélags þar sem starfsfólk leikskóla fjallaði um heilsueflingu starfsfólks voru haldin tvö málþing. Í janúar var haldið málþing í Mosfellsbæ þar sem meðal annars var fjallað um rósemd og umhyggju í leikskólastarfi, hreyfingu og tannvernd. Í nóvember var haldið málþing í Kópavogi, en þar voru flutt erindi frá sérfræðingum embættisins um heilsueflingu í leikskóla og voru þau erindi tekin upp og gerð aðgengileg á [Facebook síðu Heilsueflandi leikskóla](#).



Heilsueflandi grunnskóli

Í lok árs 2017 voru 89 grunnskólar skráðir til þátttöku í Heilsueflandi grunnskóla eða ríflega 50% allra grunnskóla á Íslandi. Þátttökuskólar fengu aðgang að [Heilsueflandi.is](#) sem er notendastýrður gagnvirkur vefur sem auðveldar



Undirritun viljayfirlýsingar fyrir undirbúning og framkvæmd landskönnunar á mataræði Íslendinga þann 4. desember 2017.

skólum að halda markvisst utan um starfið. Fyrri hluta árs var boðið upp á vinnustofur í gegnum nálgun Heilsueflandi samfélags þar sem Heilsueflandi grunnskólum bauðst að taka þátt. Þar var rætt um svefnleysi unglinga og hvernig bregðast ætti við því.

Í nóvember var haldið málþing þar sem boðið var upp á málstofur er tengjast áhersluþáttum Heilsueflandi grunnskóla og flutt voru erindi þar sem sagt var frá reynslu skóla af heilsueflingastarfinu.

Heilsueflandi framhaldsskóli

Í lok árs 2017 var 31 framhaldsskóli skráður til þátttöku í Heilsueflandi framhaldsskóla, sem eru allir hefðbundnir framhaldsskólar á landinu. Helstu áherslur ársins voru annars vegar á aukna sjálfbærni með áframhaldandi þróun vefsetursins [Heilsueflandi.is](#) og hins vegar á kynheilbrigði, m.a. með auknum aðgangi að smokkum, en

ÁHRIFAPÆTTIR HEILBRIGÐIS



stefnt er að því að koma smokkasjálfsölum fyrir í öllum framhaldsskólum landsins.

Á árinu var jafnframt unnið að stuðningi við Heilsueflandi framhaldsskóla gegnum nálgun Heilsueflandi samfélags, m.a. með þátttöku í vinnustofum fyrir Heilsueflandi samfélag, í öllum landshlutum. Forseti Íslands veitti Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ Gulleplið 2017 fyrir framúrskarandi árangur í heilsuefningu.

2. Heildstætt mat á heilsueflandi starfi

Vefurinn Heilsueflandi.is heldur heildrænt utan um allt heilsueflandi starf embættisins. Vefurinn er lokað vinnu-svæði fyrir heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla og heilsueflandi samfélög. Þeir skólar og þau sveitarfélög sem taka formlega þátt í heilsuefningarstarfi embættisins fá aðgang að vefnum og geta nýtt efnið í sínu starfi.

3. Miðla upplýsingum um aðgerðir sem byggja á bestu þekkingu og reynslu

Vefsvæðið Heilsuvera.is var formlega opnað í nóvember 2017. Þar getur almenningur m.a. nálgast upplýsingar um heilsu og áhrifapætti hennar. Þar er hægt er að eiga í samskiptum við starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar og nálgast gögn úr eigin sjúkraskrá. Sjá nánar bls. 19. Einnig hefur verið unnið að þróun upplýsingaveitu fyrir heilsuefningarstarf.

4. Nýta svæðisbundna lýðheilsuvísu

Svið áhrifapátta heilbrigðis átti í góðu samstarfi við svið heilbrigðisupplýsinga við skilgreiningu og útreikninga á lýðheilsuvísu sem birtir voru þann 12. júní í Menningar-

húsinu Hofi á Akureyri. Lýðheilsuvísar eru safn mælikvarða sem gefa vísbendingar um heilsu og líðan þjóðarinnar og áhrifapætti þeirra.

Svæðisbundnir lýðheilsuvísar nýtast m.a. þeim samfélögum sem vilja leggja áherslu á heilsu og líðan íbúanna með aðild að Heilsueflandi samfélagi og Heilsueflandi skóla. Sjá nánari umfjöllun um lýðheilsuvísu í kaflanum um Heilbrigðisupplýsingasvið, bls. 16.

Aðgerðir

Samkvæmt starfsáætlun Embættis landlæknis voru sjö aðgerðir tilgreindar sérstaklega varðandi heilsuefningu á árunum 2017–2018:

- **Þróa lýðheilsumat**

Vinnustofa var haldin með fulltrúum frá „Healthy Cities“ í maí. Þar var kynnt lýðheilsumat frá Írlandi sem ákveðið var að þýða í framhaldinu. Þýðingin hefur verið kynnt fulltrúum Heilsueflandi samfélaga og verður áfram unnið með þróun á lýðheilsumati á árinu 2018.

- **Leggja fyrir og vinna úr rannsókninni Heilsa og líðan 2017**

Sjá uppl. frá Heilbrigðisupplýsingasviði bls. 15.

- **Koma á fót upplýsingaveitu sem inniheldur góð dæmi um heilsuefningu og forvarnir.**

Sjá lið 3.

- **Greina lýðheilsuvísu niður á stærstu sveitarfélögin**

Á árinu voru greindir lýðheilsuvísar fyrir Reykjavík, Akureyri og Kópavog.



- **Undirbúa landskönnun á mataræði**

Í desember undirrituðu Embætti landlæknis, Matvælastofnun, Mátis og Rannsóknstofa í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala viljayfirlýsingu þar sem fram kemur eindreginn vilji þeirra til að hefja undirbúning og framkvæmd nýrrar landskönnunar á mataræði Íslendinga.

- **Halda heilsueflandi vinnustofur í heilbrigðisumdæmum og námskeið fyrir starfsfólk heilsugæslu um Heilsuveru.is**

Haldnar voru fjórar heilsueflandi vinnustofur á vormánuðum 2017. Vinnustofurnar voru á Reykjanesi, Ísafirði, höfuðborgarsvæðinu og í samstarfi við Reykjavíkurborg var haldin vinnustofa um jöfnuð með Joan Devlin frá Írlandi. Joan leiðir Healthy Cities

ÁHRIFAPÆTTIR HEILBRIGÐIS



Network verkefnið á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Eitt námskeið fyrir starfsfólk heilsugæslu um Heilsuveru var haldið á Húsavík.

- **Ljúka við gátlista fyrir áhersluþætti heilsueflandi samfélags og heilsueflandi skóla og gera aðgengi-lega á heilsueflandi.is**

Vinna við gátlista gekk vel á árinu og eru allir gátlistar fyrir heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla komnir inn á heilsueflandi.is Fyrir Heilsueflandi samfélag eru gátlistar fyrir næringu, tóbak og áfengi tilbúnir og komnir inn á vefinn.

Önnur helstu viðfangsefni ársins 2017

Áfengis- og vímuvarnir

Á árinu var unnið að útgáfu leiðbeininga fyrir fagfólk og bæklinga sem er ætlaður ungu fólki um áhrif kannabisefna.

Samtal um kannabis er leiðbeinandi hefti ætlað fagfólki sem það getur notað í samtali við ungmenni um notkun kannabisefna. Þessar leiðbeiningar geta einnig nýst í samtali um aðra heilsuhegðun.

Undirritaður var samningur við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um vinnu við skýrslu sem skýrir samfélagslegan kostnað vegna áfengis og sykurs. Skýrslan verður birt árið 2018.

Á vefsvæðinu Heilsuvera.is er meðal annars hægt að fræðast um skaðleg áhrif áfengis, skoða áfengisvenjur sínar og fá upplýsingar um hvernig hægt er að draga úr eða hætta neyslu áfengis.

Tóbaksvarnir

Embætti landlæknis ásamt Læknafélagi Íslands og Krabbameinsfélaginu stóðu að málþingi um tóbaksvarnir í mars undir yfirskriftinni „Hættu nú alveg!“. Meðal fyrirlesara voru Charlotta H. Pisinger, læknir og vísindamaður frá Kaupmannahöfn, sem velti upp spurningunni hvort rafsígarettur hafi jákvæð áhrif eða hvort ógn stafi af þeim. Einnig fjallaði Ángel López, hagfræðiprófessor frá Spáni um skattlagningu á tóbaki í þágu bættrar lýðheilsu.


Á málþinginu voru auk þess kynntar fyrstu niðurstöður nýrrar skýrslu um þjóðhagsleg áhrif tóbaksreykinga á Íslandi sem unnin var af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands fyrir Embætti landlæknis. Skýrsluna má nálgast hér: [Þjóðhagsleg áhrif reykinga á Íslandi](#) (PDF).

Ísland var árið 2016 í þriðja sæti meðal Evrópuþjóða í mælingum sex lykilþátta sem eiga að draga úr neyslu tóbaks. Niðurstöður þessara mælinga voru kynntar á Evrópuþingi um tóbaksvarnir sem haldið var í Portugal 2017. Sjá rannsóknina "[The tobacco control Scale 2016](#)".

Tóbakslaus bekkur

Verkefnið Tóbakslaus bekkur er fastur liður í tóbaksvörnum á ári hverju. Þátttaka í verkefninu hefur ávallt verið mjög góð. Skólaárið 2016-2017 var samkeppnin haldin meðal 7., 8. og 9. bekkja í grunnskólum landsins og tóku 230 bekkir viðsvegar um landið þátt. Á skólaárinu þurftu bekkirnir að staðfesta fimm sinnum að þeir væru tóbakslausir og voru þá með í útdrætti um vinninga. Vinningarnir voru húfur, en auk þess fengu allir þátttakendur blýanta og strokleður að gjöf. Til að eiga möguleika á fyrstu verðlaunum þurftu bekkirnir að senda inn áhugavert efni tengt tóbaksvörnum að eigin vali. Í verkefnavinnunni leituðu margir þátttakendur út fyrir

skólastarfið og stuðluðu þannig að samvinnu, miðlun og öflun þekkingar um skaðsemi tóbaksnotkunar. Tíu bekkir frá níu skólum sem sendu inn lokaverkefni unnu til verðlauna. Verðlaunaupphæðin nam 5.000 krónum fyrir hvern skráðan nemanda í viðkomandi bekk sem þeim var frjálst að ráðstafa að vild.





Hreyfing

Unnið var að áherslupættinum hreyfingu í tengslum við starf Heilsueflandi samfélags og Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla. Meðal annars var lokið við að endurskoða gátlista fyrir hreyfingu í framhaldsskólum, unnið að gátlista um hreyfingu/útvíst fyrir Heilsueflandi samfélag og að tímaseðlum fyrir skipulagðar hreyfistundir og myndböndum um hreyfingu fyrir leikskóla.

Í upphafi árs var gefin út skýrsla með niðurstöðum norrænnar könnunar á hreyfingu, mataræði og holdafari sem Embætti landlæknis hefur staðið fyrir hér á landi árin 2014 og 2011 í samstarfi við rannsakendur á hinum Norðurlöndunum. Helstu niðurstöður könnunarinnar m.t.t. Íslands voru birtar í *Talnabrunni* í janúar.

Spurningar um hreyfingu fyrir rannsóknina *Heilsa og líðan Íslendinga 2017* voru endurskoðaðar og einnig spurningar fyrir árlega vöktun embættisins á áhrifaþáttum heilbrigðis. Embættið tók þátt í þróun spurninga um hreyfingu fyrir kannanir Rannsóknar og greiningar, Ungt fólk. Unnið var úr gögnum vöktunar áhrifaþátta heilbrigðis 2016 m.t.t. hreyfingar og niðurstöður birtar í *Talnabrunni* í maí. Lýðheilsuvísar fyrir hreyfingu barna og fullorðinna voru skilgreindir og birtir í júní. Unnið var að efni um hreyfingu fyrir vefinn [Heilsuvera.is](#) sem opnaði formlega í nóvember.

Undirbúningur hófst að útgáfu norrænna ráðlegginga um næringu og hreyfingu sem eiga að koma út árið 2020. Sóttir voru tveir fundir því tengdir. Einnig var sóttur fundur á vegum WHO í Evrópu um heilsueflingu í heilsugæslu í Zurich þar sem sérstök áhersla var á hreyfingu.

Unnið var að umsögn um drög að alþjóðlegri starfsáætlun fyrir hreyfingu: *WHO global action plan on physical activity 2018-2030*.

Greiningartækinu *Health Enhancing Physical Activity (HEPA) Policy Audit Tool (PAT)* er ætlað að hjálpa þjóðum að meta heildstætt hvar þær standa með tilliti til stefnu og aðgerða á sviði hreyfingar. Unnið var að HEPA PAT greiningu fyrir Ísland og starfsmaður tók þátt í árlegri ráðstefnu og fundi HEPA Europe sem var að þessu sinni í Zagreb.


Næring

Í byrjun árs 2017 hélt verkefnisstjóri næringar fyrirlestur um „Hæri álögur á gosdrykki – áhrifarík leið til að draga úr sykurneyslu“ á ráðstefnu um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum. Síðar í janúar var kynnt skýrsla með niðurstöðum norrænnar könnunar á mataræði, hreyfingu og holdafari sem Embætti landlæknis stóð fyrir hér á landi í samstarfi við rannsakendur frá Danmörku, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð.

Endurskoðaðar ráðleggingar um næringu ungbarna fyrir foreldra voru gefnar út í mars en áður höfðu verið gefnar út ráðleggingar um næringu ungbarna fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Ráðleggingarnar voru unnar af faghópi á vegum Embættis landlæknis og Þróunarsviðs heilsugæslunnar. Einnig var unnið að endurskoðun á handbók fyrir leikskólaeldhús og var handbókin kynnt á fjölmennu málþingi fyrir heilsueflandi leikskóla í nóvember. Faghópur kom að vinnunni. Unnið var að gerð *Mid-term evaluation of the Action Plan on Childhood Obesity* í samvinnu við velferðaráðuneytið.

Verkefnastjórar héldu fyrirlestra á ráðstefnu í október á vegum Matvæla- og næringarfræðifélags Íslands um næringu í heilsueflandi verkefnum embættisins, vaktanir á mataræði og lýðheilsuvísu. Einnig var haldinn fyrirlestur um niðurstöður norrænu könnunarinnar á mataræði barna á málþingi á Menntavísindasviði HÍ. Í desember var undirrituð viljayfirlýsing um framkvæmd nýrrar landskönnunar á mataræði, sjá nánar bls. 22 og 27.

[Facebooksíða](#) fyrir ráðleggingar um mataræði var áfram nýtt til að koma áreiðanlegum upplýsingum um næringu á framfæri við sem flesta.





Geðrækt

Með geðræktarstarfi hjá Embætti landlæknis er unnið að góðri geðheilsu og vellíðan landsmanna. Geðrækt sinnir geðræktarþætti heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla auk Heilsueflandi samfélags. Eftirfarandi viðfangsefni voru meðal annars tekin fyrir árið 2017:

Heilsuvera.is. Tekið saman fræðsluefni um geðheilsu og vellíðan fyrir nýjan vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Embættis landlæknis, Heilsuvera.is

Fimm leiðir að vellíðan. Gefin voru út veggspjöld með fimm leiðum að vellíðan til að hvetja landsmenn til að huga að eigin vellíðan og annarra í daglegu lífi. Veggspjöldin voru gefin til allra leik-, grunn- og framhaldsskóla, almenningsbókasafna og heilbrigðisstofnana í landinu.

Fræðsluefni um fyrstu árin. Geðrækt tók þátt í að þýða og staðfæra fræðslumyndbönd frá Center on the Developing Child við Harvard-háskóla um heilbrigðan þroska og líðan ungbarna. Verkefnið var unnið í samvinnu við aðra verkefnastjóra embættisins og sérfræðinga í mæðra-, ung- og smábarnavernd Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Myndböndin verða tilbúin í ársbyrjun 2018 og munu birtast á heilsuveru.is

Vinir Zippýs. Tvö námskeið í kennslu námsefnisins Vinir Zippýs voru haldin fyrir leik- og grunnskólakennara haustið 2017. Einnig var hafin þýðing á framhaldsefninu Vinum Eplis og er útgáfa væntanleg árið 2018.

Starfshópur um sjálfsvígðforvarnir. Geðrækt leiddi umfangsmikla vinnu starfshóps sem falið var að fara yfir gagnreyndar aðferðir sem draga úr sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum og velja aðferðir til innleiðingar hér á landi. Þessi vinna er liður í aðgerðaáætlun stjórnvalda á



sviði geðheilbrigðis og mun hópurinn skila af sér tillögum til heilbrigðisráðherra í ársbyrjun 2018.

Ofbeldisforvarnir

Embættið á fulltrúa í ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar. Á meðal verkefna ber helst að nefna opnun Bjarkarhlíðar, sem styður þolendur ofbeldis og umræðu um MeToo sem hefur vakið mikla athygli. Embættið hefur einnig vakið athygli á námsefninu „Örugg saman“ sem er ætlað nemendum í 9.-10. bekk grunnskóla og er gagnvirkt kennsluefni sem miðar að því að koma í veg fyrir ofbeldi í samböndum ungs fólks.

Sóttur var fundur WHO þar sem fjallað var um umhverfi og aðstæður barna, hvornig áhrifapættir úr æsku og erfiðleikar geta haft áhrif síðar á ævinni. Embættið

svaraði spurningalista WHO um vanrækslu barna og verða niðurstöður birtar í alþjóðlegri samantekt og samanburði.

Lýðheilsusjóður

Á árinu var auglýst tvisvar sinnum eftir umsóknum um styrki úr Lýðheilsusjóði. Ákveðið var að auglýsa í lok árs fyrir úthlutun 2018 til þess að mögulegt væri að greiða út styrki fyrir á árinu. Stjórn Lýðheilsusjóðs og fagråd landlæknis um lýðheilsu fóru yfir umsóknir og sendu tillögur að úthlutun til heilbrigðisráðherra. Óskað var eftir umsóknum fyrir verkefni til heilsueflingar og forvarna á sviði geðræktar, næringar, hreyfingar, tannverndar og áfengis-, vímu- og tóbaksvarna. Alls var úthlutað úr sjóðnum kr. 90.400.000 til 139 verkefna.

Vöktun

Eins og undanfarin ár hefur Embætti landlæknis vaktað nokkra áhrifapætti heilbrigðis. Markmiðið er að fylgjast með heilsuhegðun og líðan Íslendinga og þróun tiltekinna áhrifapátta, s.s. líðan, notkun áfengis og tóbaks, hreyfingu, mataræði, tannheilsu og ofbeldi.

Gallup framkvæmir könnunina fyrir embættið og var hún lögð fyrir mánaðarlega árið 2017. Upplýsingar úr könnuninni nýtast til greiningar á stöðu þessara áhrifapátta í samfélaginu, í stefnumótun og heilsueflandi aðgerðum.

BROT ÚR FRÉTTUM ÁRSINS 2017



19.01.17 [Ný skýrsla um heilsuhegðun Norðurlandabúa](#)

Embætti landlæknis hefur staðið fyrir norrænni könnun á mataræði, hreyfingu og holdafari hér á landi í samstarfi við rannsakendur frá Danmörku, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð.

02.02.17 [Viðbragðsáætlun vegna sóttvarna í höfnum og skipum, landsáætlun](#)

Sóttvarnalæknir og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hafa gefið út Viðbragðsáætlun Opnast í nýjum glugga vegna sóttvarna í höfnum og skipum, landsáætlun. Markmið þessarar áætlunar að tryggja skipulögð viðbrögð hlutaðeigandi þegar skip óskar eftir aðstoð vegna veikinda um borð, að lágmarka eins og kostur er áhrif smits, mengunar, geislavirkni eða óvæntra atburða og einnig að tryggja góða upplýsingamiðlun.

07.02.17 [Embætti landlæknis lýsir yfir andstöðu við bjór, léttvín og sterkt vín í almennum verslunum](#)

Aftur hefur verið lagt fram frumvarp sem felur í sér aukið aðgengi að áfengi. Með frumvarpinu er lagt til að einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) á smásölu áfengis verði aflagt, smásala verði að ákveðnu marki frjáls og að bjór, léttvín og sterkt áfengi verði selt í almennum verslunum.


20.03.17 [Góðvildarspiöld í tilefni alþjóðlega hamingjudagsins](#)
Alþjóðlegi hamingjudagurinn er í dag 20. mars. Dagurinn var fyrst haldinn að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna árið 2013 með það að markmiði að vekja athygli á hamingju og vellíðan sem mikilvægu markmiði fyrir einstaklinga og stjórnmöld um heim allan.

21.03.17 [Mislingar greinast á Íslandi](#)

Mislingar hafa verið staðfestir í níu mánaða gömlu barni hér á landi. Barnið hafði dvalist með fjölskyldu sinni í Tælandi og kom til landsins 2. mars en veiktist 14. mars sl. með hita, útbrotum og öndunarfæra-einkennum.

19.04.17 [Einkavæðing í heilbrigðiskerfinu](#)

Landlæknir hefur sent frá sér yfirlýsingu um afstöðu sína til einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu í tilefni umræðu í fjölmiðlum og á Alþingi á undanförunum mánuðum um hvort heilbrigðisráðherra hygðist veita Klínikinni í Ármúla leyfi til að reka sérhæfða sjúkrahúspjónustu með fimm daga legudeild.



25.04.17 [Ráðleggingar um næringu ungbarna – fyrir foreldra](#)

Embætti landlæknis og Þróunarsvið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hafa gefið út endurskoðaða útgáfu af bæklingnum *Næring ungbarna*.

28.04.17 [Kódein og börn](#)

Á undanförunum árum hefur átt sér stað nokkur aukning í ávísunum lyfja sem innihalda kódein. Eitt lyf sker sig úr í aukningu en það er SEM-mixtúra sem inniheldur umtalsvert magn af kódeini (2,53 mg/ml). Hver barnaskeið (10 ml) af mixtúrunni inniheldur um 25 mg af kódeini.

05.05.17 [Baráttan gegn ónæmi sýklalyfja – er í þínum höndum](#)

Á hverju ári minnir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin starfsfólk í heilbrigðisþjónustu á að 5. maí er alþjóðlegi handþvottadagurinn.

05.05.17 [Lyfjanotkun Íslendinga og lyfjagagnagrunnur landlæknis](#)

Talsverð umræða hefur verið í fjölmiðlum um lyfjanotkun Íslendinga og þá sérstaklega vegna þess að Íslendingar nota meira af flestum verkja- og geðlyfjum en nágrannaþjóðirnar. Þetta eru lyf eins og róandi- og kvíðastillandi lyf, svefnlyf, ópíóíðar (sterk verkjalyf), þunglyndislyf og örvandi lyf.

15.05.17 [Aðgerðir til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería](#)

Starfshópur sem heilbrigðisráðherra skipaði til að setja fram tillögur um aðgerðir til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería hér á landi hefur skilað ráðherra skýrslu með tillögum sínum. Niðurstöður nefndarinnar verða kynntar á ráðstefnu um sýklalyfjaónæmi Opnast í nýjum glugga sem haldin er í dag.

12.06.17 [Lýðheilsuvísar 2017 kynntir í dag](#)

Íslenskir Lýðheilsuvísar 2017 eru í dag kynntir í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Lýðheilsuvísar, sem nú koma út í annað sinn, eru safn mælikvarða sem gefa vísbendingar um heilsu og líðan þjóðarinnar.

23.06.17 [Heilbrigðisráðherra úthlutar 90 milljónum til Lýðheilsu- og forvarnaverkefna](#)

Óttarr Proppé, heilbrigðisráðherra úthlutaði í dag rúmlega níutíu milljónum króna í styrki úr Lýðheilsusjóði til 139 verkefna og rannsókna. Styrkþegar eru staðsettir um land allt og verkefnið ætluð öllum aldurshópum.

29.06.17 [Lifrabólgu A faraldur í Evrópu](#)

Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) hefur vakið athygli á faraldri af lifrabólgu A (hepatitis A) í Evrópu á síðasta ári, 2016 og það sem af er þessu ári, 2017.

05.07.17 [Fjöldi einstaklinga á háum skömmtum ávanabindandi lyfja](#)
Embætti landlæknis hefur eftirlit með ávísunum ávanabindandi lyfja og óskar skýringa frá læknum ef einstaklingar fá ávísad óhóflega.

10.07.17 [Skimun fyrir krabbameini í ristli og endaparmi hefst á næsta ári](#)

Krabbameinsfélagið hefur lagt fram ítarlega aðgerðaráætlun um skimun fyrir krabbameini í ristli og endaparmi. Landlæknir hefur mælt með því að hafin verði skimun fyrir krabbameini í ristli og endaparmi í aldurshópum 60–69 ára.

13.07.17 [Heilsuspillandi áhrif vegna saurmengunar í sjó og baðvatni](#)
Vegna fréttu undanfarið um saurmengun á ströndum Reykjavíkur vegna bilunar í dælustöð í Faxaskjólí vill sóttvarnalæknir taka fram að sýkingarhætta af völdum slíkrar mengunar getur verið margvísleg.

11.08.17 [Staðfest að um nóróveirusýkingu sé að ræða](#)

Hópsýking af völdum nóróveiru braust út í gær, fimmtudaginn 10. ágúst sl., á meðal erlendra skáta sem dvöldust í búðum á Úlfliótsvatni. Af 175 skátum veiktust 63 með uppköstum, magakrömpum og niðurgangi.

06.09.17 [Vísendingar um „oflækningar“ í heilbrigðisþjónustunni](#)

Í nýrri skýrslu Embættis landlæknis um tíðni aðgerða í einkarekinni heilbrigðisþjónustu er rannsökuð tíðni fjögurra tegunda aðgerða hér á landi síðastliðin tíu ár, þ.e. ristilspeglanir, speglanir á hnjúliðum, rörisetning hjá börnum og hálskirtlatökur og niðurstöður bornar saman við aðgerðir sem framkvæmdar eru í nágrannalöndunum.

BROT ÚR FRÉTTUM ÁRSINS 2017



19.09.17 [Góður árangur opinbers átaks gegn lifrabólgu C hér á landi](#)

Í ársbyrjun 2016 hófst hér á landi opinbert átak gegn lifrabólgu C sem stendur í þrjú ár. Um 600 einstaklingar hafa nú hafið lyfjameðferð, sem er um 70–80% þeirra sem taldir eru smitaðir hér á landi. Á fyrsta starfsári átaksins hafa um 95% þeirra sem klára meðferðina læknað. Landspítala var falin framkvæmd verkefnisins en aðalsamstarfsaðili er sjúkrahúsið Vogur. Yfirumsjón með verkefninu hefur sóttvarnalæknir í umboði heilbrigðisráðherra.

20.09.17 [Þátttaka í almennum bóluasetningum á Íslandi ekki viðunandi](#)
Sóttvarnalæknir hefur gefið út skýrslu um þátttöku í almennum bóluasetningum á Íslandi á árinu 2016 sem birt hefur verið á vefsíðu Embættis landlæknis. Í skýrslunni kemur fram að þátttaka á árinu 2016 var svipuð og á árinu 2015, nema við 12 mánaða og 4 ára aldur þar sem hún var töluvert lakari á árinu 2016.

27.09.17 [Ráðstefna norrænna eftirlitsstofnana](#)

Hvernig bætum við öryggi sjúklinga og notenda þjónustunnar?" er yfirskrift ráðstefnu norrænna eftirlitsstofnana sem haldin var dagana 27.-29. september í Hörpu.



Frá ráðstefnu norrænna eftirlitsstofnana í Hörpu.

11.10.17 [Meðganga og fæðing hjá konum sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. Doktorsvörn í lýðheilsuvísindum](#)

Agnes Gísladóttir, verkefnisstjóri á sviði heilbrigðisupplýsinga hjá Embætti landlæknis, varði doktorsritgerð sína í lýðheilsuvísindum.

13.10.17 [Tauga- og geðlyfjanotkun barna á Íslandi](#)

Þegar ávísanir helstu geðlyfja meðal barna eru skoðaðar kemur í ljós að almennt eru fleiri börn á leik- og grunnskólaaldri sem fá ávísað tauga- og geðlyfjum á Íslandi samanborið við jafnaldra þeirra í Svíþjóð, Noregi og Danmörku.

25.10.17 [Vaxandi notkun sterkra verkjalyfja á Íslandi](#)

Frá árinu 2012 til 2016 fjölgaði ávísuðum dagskómmtum sterkra verkjalyfja (ópióíða) um 11% á Íslandi. Aukninguna má rekja til þess að hlutfallslega fleiri Íslendingar fá ávísað sterkum verkjalyfjum og margir fá stóra skammta.

15.11.17 [Ávísanir tauga- og geðlyfja eftir búsetu á Íslandi](#)

Í nýrri skýrslu Nomesco - *Health Statistics for the Nordic Countries 2017*, kemur fram að árið 2016 notuðu Íslendingar nærri 30% meira af tauga- og geðlyfjum en Svíar, sem koma næst á eftir Íslandi. Hér eru upplýsingar um ávísanir helstu flokka tauga- og geðlyfja og ávísanir hvers flokks sundurliðaðar í átta landshluta fyrir árin 2012 til 2016.

21.11.17 [Málþing um geðheilbrigði og vellíðan framhaldsskólanema](#)

Embætti landlæknis stendur að málþingi um geðheilbrigði og vellíðan framhaldsskólanema undir formerkjum Heilsueflandi framhaldsskóla.

24.11.17 [Biðlistar eftir völdum skurðaðgerðum](#)

Þrisvar á ári kallar Embætti landlæknis eftir upplýsingum um bið eftir völdum aðgerðum. Embættið hefur gefið út viðmið um ásætlanlegan biðtíma eftir heilbrigðisþjónustu og er bið eftir skurðaðgerð talin ásætlanleg allt að 90 dögum (3 mánuðum) frá greiningu sérfræðings.

01.12.17 [Embætti landlæknis á Facebook](#)

Embætti landlæknis opnaði Facebook-síðu sem mun hafa í för með sér nýja nálgun og efla upplýsingamiðlun embættisins.

01.12.17 [Varist gylliboð og gervilækningar](#)

Embætti landlæknis berast reglulega ábendingar um starfsemi áhuga-

fólks sem telur sig geta boðið betur en læknisfræðin og hjálpað fólki í heilsutengdum vanda, ekki síst þar sem nútíma læknisfræðin ekki ennþá dugir til.

04.12.17 [Vilja hefja undirbúning og framkvæmd nýrrar landskönnunar á mataræði](#)

Embætti landlæknis, Matvælastofnun, Mátis og Rannsóknastofa í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala undirrituðu í dag viljayfirlýsingu þar sem fram kemur eindreginn vilji þeirra til að hefja undirbúning og framkvæmd nýrrar landskönnunar á mataræði Íslendinga.

07.12.17 [Vefur Embættis landlæknis kemur til móts við mismunandi fatlanir notenda](#)

Embætti landlæknis er afar stolt af þeim niðurstöðum sem vefur stofnunarinnar fékk í úttektinni *Hvað er spunið í opinbera vefi 2017*, sem nýverið voru kynntar á Upplýsingatæknideginum (UT-deginum).

11.12.17 [Vinnustofa í tengslum við evrópskt samstarfsverkefni um geðheilsu og vellíðan](#)

Fimmtudaginn 7. desember stóð Embætti landlæknis, í samvinnu við velferðarráðuneytið, að innlendri vinnustofu í tengslum við evrópskt samstarfsverkefni um geðheilsu og vellíðan.

22.12.17 [Rannsóknin Heilsa og líðan Íslendinga 2017](#)

Hátt í 7.000 Íslendingar hafa undanfarna mánuði tekið þátt í rannsókn Embættis landlæknis á heilsu og líðan Íslendinga. Er þetta í fjórða sinn sem þessi viðamikla rannsókn er framkvæmd.

29.12.17 [Gjaldfrjálssar tannlækningar fyrir öll börn með skráðan heimilistannlækni](#)

Kostnaður vegna tannlækninga barna sem skráð eru með heimilistannlækni verður frá 1. janúar 2018 greiddur að fullu af Sjúkratryggingum Íslands, að frátöldu 2500 kr. komugjaldi sem greitt er einu sinni á 12 mánaða fresti.

ALPJÓÐLEGT SAMSTARF



Embætti landlæknis tók þátt í margs konar alþjóðlegu samstarfi árið 2017 eins og verið hefur og hélt uppi samstarfi við alþjóðastofnanir og samtök á Norðurlöndum, í Evrópu og á heimsvísu.

Norrænt samstarf

Utanspítalþjónusta á Norðurlöndum

Frá árinu 2014 hefur Embætti landlæknis tekið þátt var störfum vinnuhópsins *Nordisk samarbeid om standardisering, datainnsamling og benchmarking av prehospitale tjenester*. Honum er ætlað að staðla viðmið og safna gögnum svo að hægt sé að mæla, meta og bera saman þjónustu utan spítala á Norðurlöndunum. Hópurinn mun ljúka störfum í júní 2018 og skilar skýrslu með tillögum um sameiginlega mælikvarða fyrir öll Norðurlöndin og stöðuga gagnasöfnun. Landlæknarnir munu síðan leggja þessar hugmyndir fyrir samstarfsráðherra Norðurlandanna.

Vinnuheimsókn sviðs eftirlits og gæða til IVO (*Inspektionen för Vård och Omsorg*) í Svíþjóð

Dagana 23. og 24. maí fóru starfsmenn sviðs eftirlits og gæða ásamt landlækni í vinnuheimsókn til IVO í Svíþjóð, en stofnunin annast allt eftirlit heilbrigðisþjónustu í Svíþjóð. Hjá stofnuninni vinna um 280 manns. Farið var yfir vinnuferla IVO við úttektir á heilbrigðisstofnun og hvernig endurgjöf og eftirfylgd væri háttað og það borið saman við verk- og vinnulag EL. Einnig var farið í heimsókn til SoS (*Socialstyrelsen*) en sú stofnun setur viðmið fyrir heilbrigðisþjónustuna í Svíþjóð sem einnig er eitt af hlutverkum EL. Heimsóknin hefur leitt til ýmiss konar breytinga á verklagi sviðsins í störfum sínum og er mikilvægt fyrir Embætti landlæknis að geta farið í slíkar vinnuheimsóknir

NOMESKO

Á árinu 2017 urðu breytingar á fulltrúum Íslands í Norrænu nefndinni um staðtölur um heilbrigðismál (*Nordisk Medicinalstatistik Komité*, NOMESKO). Í stað eins fulltrúa á embættið nú tvo fulltrúa sem báðir koma af heilbrigðisupplýsingasviði. Annars vegar er um að ræða fulltrúa sem gegnir formennsku fyrir Íslands hönd og hins vegar fulltrúa í ritnefnd NOMESKO, sem áður hafði verið staðsettur í velferðarráðuneytinu.

Nefndin vinnur að því að skapa grundvöll fyrir samanburð tölfræðilegra upplýsinga milli Norðurlanda. Til og með 2017 hefur árlega verið gefið út á vegum nefndarinnar ritið *Health Statistics in the Nordic Countries* og hafa gögn fyrir þessa útgáfu er varða Ísland verið unnin hjá embættinu. Nú hefur verið ákveðið að hætta útgáfu þessa rits en í staðinn beina kröftum nefndarinnar í að miðla tölfræðilegum upplýsingum rafrænt með gagnvirkum hætti á vefsvæði NOMESKO/NOSOSKO, auk þess að taka sérstaklega fyrir þau málefni sem eru í brennidepli á hverjum tímapunkti.

Nordisk senter for klassifikationer i helsetjenesten

Starfsmaður á heilbrigðisupplýsingasviði er fulltrúi Íslands í stjórn Norrænu skráningarmiðstöðvarinnar. Miðstöðin er viðurkennt samstarfssetur WHO á sviði flokkunarkerfa (*Collaborating Centre in Nordic Countries for the WHO Family of International Classifications, WHO-FIC*.) Þar er unnið að samhæfingu varðandi skráningu í heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum á grunni alþjóðlegra og norrænna flokkunarkerfa. Á vegum miðstöðvarinnar er virk þátttaka í þróun alþjóðlegra flokkunarkerfa WHO, bæði með stjórnarsetu vegna WHO-FIC og beinni þátttöku í þróun þeirra.

Nordic Council of Ministers eHealth Group

Starfsmaður á heilbrigðisupplýsingasviði er fulltrúi Íslands í þessum stýrihópi um eHealth sem er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (MR-S). Hvert land á einn fulltrúa í stýrihópnum. Tilgangur hópsins er að styðja við Norrænt samstarf í upplýsingatækni á heilbrigðisviði. Nefndin hefur starfað frá árinu 2011.

Nordic eHealth Research Network (NeRN)

Undirhópur *Nordic Council of Ministers eHealth Group* sem vinnur að samræmingu á stöðlum til að hægt sé að fá raunhæfan samanburð á stöðu upplýsingatækni á heilbrigðisviði á milli Norðurlandanna til notkunar fyrir stefnumótun stjórnvalda í þeim málum. Starfsmaður á heilbrigðisupplýsingasviði er fulltrúi Íslands í hópnum sem hefur starfað frá árinu 2012.

Samstarf um starfsleyfi löggiltra heilbrigðisstétta

Embætti landlæknis tekur þátt í norrænu samstarfi um starfsleyfi löggiltra heilbrigðisstétta. Byggir það samstarf á samningi landanna um gagnkvæma viðurkenningu á starfsleyfum heilbrigðisstarfsmanna. Tveir fundir eru haldnir á hverju ári og voru þeir haldnir í Helsinki í maí og nóvember 2017. Fulltrúi embættisins sótti báða fundina.

Scandiatransplant

Norræn líffæraígræðslusamtök með aðild Íslands, Noregs, Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands. Fulltrúi embættisins sækir fundi á vegum Scandiatransplant einu sinni á ári. Þátttakendur á fundunum eru stjórnarnefnd Scandiatransplant (*Board of Scandiatransplant*) ásamt framkvæmastjóra og fulltrúum frá stofnunum sem hafa hlutverk lögbærs stjórnvalds í áður nefndum löndum.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF



Norrænt samstarf um næringu

Fulltrúi embættisins á sæti í vinnuhópnum Nordisk kost, mat og toxicologi (NKMT), sem fundar tvisvar á ári. Árið 2017 var sóttur einn fundur í Osló. Norrænt samstarf er um matvælamerkið Skráargatið og voru þrír fundur á árinu 2017, tveir í Danmörku og einn í Svíþjóð. Þá er starfræktur norrænn samstarfshópur um að minnka saltneyslu en eingöngu voru haldnir „skype“ fundir á árinu.

Norræna vímuvarnaráðstefnan

Á sviði áfengis og vímuvarna var sótt Norræna vímuvarnaráðstefnan sem haldin var í Danmörku að þessu sinni. Framundan er áframhaldandi vinna við að skoða áhrif áfengisneyslu á þriðja aðila á norrænum vettvangi.

Norrænt samstarf á sviði hreyfingar

Þátttaka í samráðshópi norrænna sérfræðinga á sviði hreyfingar sem fundar árlega í tengslum við fundi HEPA Europe.

Norræna lýðheilsuráðstefnan

Í ágúst var Norræna lýðheilsuráðstefnan haldin í Álaborg og átti embættið fulltrúa í ráðstefnunefnd. Að þessu sinni var yfirskrifin „Lýðheilsa í velferðarsamfélagi á tímum breytinga – hvernig mótum við sjálfbærar lausnir“. Tæplega 700 þátttakendur voru á ráðstefnunni og erindi frá Íslandi voru meðal annars um Heilsuefliandi samfélag í Reykjavík sem borgarstjóri flutti og um Lýðheilsustefnu Íslendinga. Árið 2020 verður ráðstefnan haldin á Íslandi.

Norrænt fagråd um geðheilsu og vellíðan

Í tengslum við lýðheilsuráðstefnuna var sóttur fundur norræns fagráðs um geðheilsu og vellíðan.

Norrænt samstarf á sviði tóbaksvarna

Árlegur norrænn fundur um tóbaksvarnir var haldinn í Stokkhólmi í september þar sem fulltrúi frá Embætti landlæknis tók þátt.

Evrópusamstarf

EPSO

Embætti landlæknis er aðili að EPSO (*European Partnership for Supervisory Organisations in Health Services and Social Care*) sem er óformlegur samstarfsvettvangur eftirlitsstofnana í Evrópu. Það er mat embættisins að mikilvægt sé halda áfram þessari aðild til að geta tekið þátt í þeim breytingum sem eru að verða á eftirlitshlutverkinu. Í apríl 2017 var haldinn fundur hjá EPSO í höfuðstöðvum eftirlitsstofnunarinnar CQC (Care Quality Commission) í London og sótti starfsmaður sviðs eftirlits og gæða þann fund.

Landlæknir sótti fund EPSO í Helsinki haustið 2015 sem haldinn var í tengslum við fund Norrænna eftirlitsstofnana en sá fundur er haldinn annað hver ár. Á fundinum í Helsinki var ákveðið að halda næsta norræna fund á Íslandi í boði Embættis landlæknis haustið 2017 og í tengslum við hann fund EPSO. Skrifstofa EPSO sem er í Haag í Hollandi sá um undirbúning dagskrár fyrir þann fund en undirbúningur að norrænu ráðstefnunni var þegar hafinn haustið 2016 í samvinnu við fyrirtækið CP Reykjavík og norræn undirbúningsnefnd skipuð. Undirbúningsnefndin hittist tvívegis til þess að skipuleggja dagskrá, einu sinni í Reykjavík og öðru sinni í Kaupmannahöfn. Auk þess voru haldnir margir símafundir.

Ráðstefna eftirlitsstofnana haldin í Reykjavík

EPSO fundurinn var haldinn dagana 25.–27. september en norræna ráðstefnan í beinu framhaldi þ. 27.–29. september. Báðir viðburðirnir voru haldnir í Hörpu. U.þ.b. 40 þáttakendur frá flestum löndum Evrópu sóttu EPSO fundinn og liðlega 200 ráðstefnugestir sóttu norræna fundinn. Yfirskrift norræna fundarins var „Eykur eftirlit með heilbrigðisþjónustunni öryggi sjúklinga og notenda þjónustunnar?“ Fulltrúar embættisins héldu erindi á ráðstefnunni og sáu um fundarstjórn ásamt fleirum. CP Reykjavík gerði könnun meðal þátttakenda eftir ráðstefnuna og var svarhlutfall yfir 70% og var það einróma álit þeirra sem svörðu að mjög vel hefði tekist til um alla framkvæmd, bæði faglega hlutans og félagslega hlutans.

Samstarf við eftirlitsstofnanir Evrópu og ekki síst Norðurlanda hefur verið mjög mikilvægt fyrir Embætti landlæknis. Eftirlitsstarf embættisins hefur mótast mjög af þessu samstarfi og fyrir vikið orðið bæði markvissara og skilvirkara en áður var.

EU Health programme 2014-2020

Embættið á landfulltrúa (*national focal point*) fyrir styrktaráætlun Evrópusambandsins í heilbrigðismálum.

Evrópska lýðheilsuráðstefnan

Fulltrúi embættisins flutti erindi um anda heilsuefingarstarfs embættisins á Evrópsku lýðheilsuráðstefnunni í Stokkhólmi.

Steering group on Health Promotion, Disease Prevention and Management of Non-Communicable Diseases.

Embættið á fulltrúa í stýrihópi um heilsuefingu og forvarnir gegn ósmittbærum sjúkdómum á vegum Evrópusambandsins.



Evrópuverkefni JA CHRODIS og JA CHRODIS+

Embætti landlæknis (EL) tók þátt í Evrópuverkefninu „Joint action on chronic diseases and promoting healthy ageing across the life-cycle“ (JA CHRODIS) sem lauk í febrúar. Í kjölfarið hófst undirbúningur á JA CHRODIS+ sem hófst í september og mun standa til ágúst 2020. Velferðarráðuneytið og Embætti landlæknis eiga fulltrúa í Governing board verkefnisins og tekur embættið þátt í tveimur vinnuþáttum (WP4 og WP5). Embættið er með Sub-task lead í innleiðingu á heilsueflingar- og forvarnarsarfi fyrir börn og einnig fyrir eldra fólk (Janus Guðlaugsson f.h. EL). Í því felst að styðja aðrar þjóðir við innleiðingu á slíku starfi en einnig mun EL standa fyrir innleiðingu. Í tengslum við börn þá verða innleiddir valdir hlutar úr hollenska verkefninu JOGG á Íslandi en Ítalía, Litháen og Malta munu innleiða önnur góð verkefni. Fyrir eldra fólk verður verkefni Janusar innleitt á Íslandi í 1-2 sveitarfélögum en einnig á Spáni og í Litháen. Nánari upplýsingar: www.chrodis.eu

EU Compass for Action on Mental Health and Well-Being.

Embætti landlæknis tekur þátt í evrópsku samstarfsverkefni sem hefur það hlutverk að fylgjast með stefnumótun og aðgerðum evrópskra stjórnvalda á sviði geðheilsu. Verkefnastjóri geðræktar skipulagði stóra vinnustofu í tengslum við þetta verkefni í samvinnu við velferðarráðuneytið, sjá mynd. Vinnustofan fór fram í árslok og var haldin í formi starfsdags þar sem 40 innlendir sérfræðingar og hagsmunaaðilar komu saman til að greina stöðu og finna lausnir við langvarandi úrlausnarefnum á sviði geðheilbrigðismála barna og unglinga hér á landi.

EU high level meeting on nutrition and physical activity

Fulltrúi embættisins situr í evrópskum hópi „EU high level meeting on nutrition and physical activity“ og var sóttur einn fundur í þeim hópi á árinu. Einnig er fulltrúi embættisins Nutrition counterpart hjá WHO og á sæti í Scientific Network on Food Consumption Data á vegum Evrópsku Matvæla- öryggisstofnunarinnar (EFSA).

HEPA Europe

Embættið er aðili að HEPA Europe, evrópsku neti sérfræðinga um hreyfingu til heilsuþótar sem vinnur náið með Evrópuskrifstofu WHO. Fulltrúi embættisins sækir árlegan fund og ráðstefnu HEPA Europe.

Pompidou og Committee on National Alcohol Policy and Action (CNAPA)

Fulltrúi embættisins á sviði áfengis- og vímuvarna er tengiliður við Pompidou og CNAPA. Sótt var námskeið á vegum Pompidou um svokölluð „Ný vímuefni“ og möguleg viðbrögð vegna slíkra efna.

Joint Action on Tobacco Control

Embætti landlæknis tekur þátt í Evrópuverkefni á sviði tóbaksvarna sem nefnist Joint Action on Tobacco Control (JACT). Í uppfærslu á evrópsku tóbaksvarnarlögnum (TPD) eru gerðar mun meiri og ítarlegri kröfur á framleiðendur og söluaðila tóbaksvara að upplýsa um innihald tóbaks. Verkefnið miðar að því að þróa vinnuaðferðir og tækni til að takast á við þessar nýju reglur. Verkefnið mun einnig innihalda starfsaðferðir við að ná utan um innhaldefni ætlaðar rafsigarettum.

Evrópska tóbaksvarnaráðstefnan

Fulltrúi frá Embætti landlæknis tók þátt í sjöundu Evrópsku tóbaksvarnaráðstefnunni sem var haldin í Porto í Portugal. Sjá nánar bls. 23.

Svæðisfundur Evrópuvæðingar WHO um tóbaksvarnir

Sóttur var svæðisfundur Evrópuvæðingar WHO í Þýskalandi sem fjallaði um rammisamning stofnunarinnar um tóbaksvarnir (FCTC).

Schools for Health in Europe Network

Embætti landlæknis er aðili að netverki Samtaka heilsueflandi skóla í Evrópu (Schools for Health in Europe network, SHE). SHE er stýrt af University College South Denmark og er starfrækt í samstarfi við WHO.

European Network for Positive Psychology

Embættið á aðild að Evrópusamtökum um jákvæða sálfræði (European Network for Positive Psychology) og er Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri á sviði áhrifaþátta heilbrigðis er forseti samtakanna.

Samstarf á heimsvísu

SNOMED International (áður IHTSDO) eru samtök sem eiga og reka eitt stærsta alþjóðlega fagorðasafn á sviði heilbrigðismála sem er í notkun í dag (SNOMED-CT). Starfsmaður á heilbrigðisupplýsingasviði er fulltrúi Íslands í stjórn samtakanna.

19th International Congress on Addictions

Alþjóðleg ráðstefna á sviði áfengis- og vímuvarna var sótt í Mexíkó.



FJÁRHAGUR EMBÆTTIS LANDLÆKNIS 2017

Fjármálin 2017

Fjárhagsupplýsingar Embættis landlæknis og Lýðheilsusjóðs eru nú í fyrsta sinn gerðir í samræmi við lög um um opinber fjármál nr. 123/2015 og hefur það áhrif á eldri samanburðartölur.




Til frekari skýringa eru myndir sem sýna þróun lykiltalna úr rekstrinum.

Sömu áherslur og áður voru lagðar á vandaða áætlanagerð og fjármálastjórn.

Lýðheilsusjóður lagði 181,2 m.kr. til lýðheilsu- og forvarnastarfs embættisins samkvæmt reglugerð um sjóðinn. Embætti landlæknis annast daglega umsjóu og reikningshald Lýðheilsusjóðs.


Hér fyrir neðan eru birtir ársreikningar Embættis landlæknis og Lýðheilsusjóðs. Til frekari skýringa eru myndir sem sýna þróun lykiltalna úr rekstrinum.

Embætti landlæknis					
Rekstrarreikningur	Árið 2017	Árið 2016	Efnahagsreikningur	Árið 2017	Árið 2016
Tekjur:			Eignir:		
Sértekjur	11.972.023	181.061.142	Fastafjármunir	15.226.624	
Markaðar tekjur			Veltufjármunir	211.626.295	129.059.321
Aðrar rekstrartekjur	200.863.300	5.976.090	Eignir alls	226.852.919	129.059.321
Tekjur alls	212.835.323	187.037.232	Skuldir og eigið fé:		
Gjöld:			Höfðustóll	35.132.965	25.957.461
Almennur rekstur	1.237.723.831	980.963.695	Hagnaður/-tap ársins		75.705.178
Stofnkostnaður		43.168.359	Eigið fé í árslok	35.132.965	101.662.639
Gjöld alls	1.237.723.831	1.024.132.054	Langtímaskuldir		
Tekjur umfram gjöld	-1.024.888.508	-837.094.822	Skammtímaskuldir	191.719.954	27.396.682
Framlag úr ríkisjóði	958.197.264	912.800.000	Skuldir alls	191.719.954	27.396.682
			Skuldir og eigið fé alls	226.852.919	129.059.321
Hagnaður/-tap ársins	-66.691.244	75.705.178			







FJÁRHAGUR EMBÆTTIS LANDLÆKNIS 2017



Lýðheilsusjóður					
Rekstrarreikningur	Árið 2017	Árið 2016	Efnahagsreikningur	Árið 2017	Árið 2016
Tekjur:			Eignir:		
Sértekjur			Fastafjármunir		
Markaðar tekjur		163.981.881	Veltufjármunir	15.216.995	16.338.887
Aðrar rekstrartekjur			Eignir alls	15.216.995	16.338.887
Tekjur alls		163.981.881			
Gjöld:			Skuldir og eigið fé:		
Almennur rekstur	274.100.223	257.376.581	Höfðustóll	15.098.594	
Stofnkostnaður			Hagnaður/-tap ársins		10.405.000
Gjöld alls	274.100.223	257.376.581	Eigið fé í árslok	15.098.594	10.405.000
Tekjur umfram gjöld		-93.394.700	Langtímaskuldir		
Framlag úr ríkisjóði	278.800.000	103.800.000	Skammtímaskuldir	118.401	5.933.587
			Skuldir alls		5.933.587
Hagnaður/-tap ársins	4.699.777	10.405.300	Skuldir og eigið fé alls	15.098.594	16.338.587



ÚTGEFIÐ EFNI ÁRIÐ 2017



Skýrslur

Skýrsla með niðurstöðum norrænnar könnunar á mataræði, hreyfingu og holdafari. The Nordic Monitoring System 2011-2014. Status and development of diet, physical activity, smoking, alcohol and overweight. Ritstjórn: Matthiessen J, Andersen LF, Barbieri HE, Borodulin K, Knudsen VK, Kørup K, **Thorgeirsdóttir H**, Trolle E and Fagt S. Útgefið rafrænt í janúar 2017.

Greinargerð starfshóps um útbreiðslu sýklalyfjaóæmra baktería á Íslandi. Skýrsla unnin af starfshópi heilbrigðisráðherra sem í sáttu sóttvarnalækna, yfirdýralækna og deildarstjórii samstarfi við Lyfjastofnun, Landspítala og Matvælastofnun. Útg. rafrænt af sóttvarnalækni í apríl 2017.

Farsóttaskýrsla 2016. Skýrsla um tilkynningar skylda sjúkdóma og farsóttagreiningu árið 2016 ásamt sögulegum upplýsingum. Höfundur Haraldur Briem. Útg. rafrænt í maí 2017.

Ársskýrsla Embættis landlæknis 2016. Gefin út rafrænt 30. maí 2017. Ábyrgðarmaður: Birgir Jakobsson. Ritstjóri: Jónína Margrét Guðnadóttir.

Hlutaúttekt. Heilsugæsla. Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS). Úttekt. gerð á tímabilinu apríl–maí 2017. Höfundar: Leifur Bárðarson, Laura Sch. Thorsteinsson, Salbjörg Bjarnadóttir, Sigríður Egilsdóttir og Birgir Jakobsson. Útg. rafrænt í maí 2017.

Eftirfylgni úttektar. Meðferðarheimilið Hlaðgerðarkot. Eftirfylgni framkvæmd í febrúar 2017. Höfundar: Leifur Bárðarson, Laura Sch. Thorsteinsson, Salbjörg Bjarnadóttir, Sigríður Egilsdóttir og Birgir Jakobsson. Útg. rafrænt í maí 2016.

Skurðstofustarfsemi—viðmið. Starfshópur Embættis landlæknis um gerð viðmiða vegna skurðstofustarfsemi. Útgefið rafrænt í júní 2017.

Eftirfylgni úttektar. B2 Taugalækningadeild Landspítala. Eftirfylgni framkvæmd í janúar 2017. Höfundar: Leifur Bárðarson, Laura Sch. Thorsteinsson, Salbjörg Bjarnadóttir og Sigríður Egilsdóttir. Útg. rafrænt í júní 2017.

Hlutaúttekt. Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN). Úttekt. gerð á tímabilinu maí–júní 2017. Höfundar: Leifur Bárðarson, Laura Sch. Thorsteinsson, Salbjörg Bjarnadóttir, Sigríður Egilsdóttir og Birgir Jakobsson. Útg. rafrænt í júní 2017.

Eftirfylgni úttektar hjá SÁÁ. Eftirfylgni framkvæmd í janúar 2017. Höfundar: Leifur Bárðarson, Laura Sch. Thorsteinsson, Salbjörg Bjarnadóttir, Sigríður Egilsdóttir og Birgir Jakobsson. Útg. rafrænt í júní 2017.

Sýklalyfjanotkun og sýklalyfjanæmi baktería í mönnum og dýrum á Íslandi 2016. Skýrsla unnin í samstarfi við Lyfjastofnun, Landspítala og Matvælastofnun. Ritstjóri: Þórunn Rafnar Þorsteinsdóttir. Rafræn útg.: Embætti landlæknis-sóttvarnalækna. September 2017.

Þátttaka í almennum bólusetningum barna á Íslandi 2016. Uppgjör 2017. Höfundar: Þórólfur Guðnason og Júlíana Héðinsdóttir. Útg. rafrænt af sóttvarnalækni í september 2017.

Kynsjúkdómar á Íslandi - greinargerð og tillögur um aðgerðir. Skýrsla unnin af starfshópi velferðarráðuneytis. Útg. rafrænt af sóttvarnalækni í desember 2017.

Áhrif Holuhraungossins á umhverfi og heilsu. Skýrsla unnin af samstarfshópi sem í sáttu fulltrúar Embættis landlæknis, Landbúnaðarháskóla Íslands og Veðurstofu Íslands. Ritstjórar: Bjarni Diðrik Sigurðsson og Gerður Stefánsdóttir. Rafræn útg.: Embætti landlæknis – sóttvarnalækna. Desember 2017.

Hlutaúttekt. Heilsugæsla. Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Úttekt Embættis landlæknis tók til atriða er varða stefnumörkun, stjórnun, vinnubrögð starfsfólks, gæðastarf og öryggismenningu, mönnum, húsnæði og aðbúnað. Gerð í nóvember 2017. Höfundar: Leifur Bárðarson, Laura Sch. Thorsteinsson, Salbjörg Bjarnadóttir, Sigríður Egilsdóttir og Birgir Jakobsson. Útg. rafrænt í desember 2017.

HlutaúttektA-4, Æðaskurðeild Landspítala (LSH). Úttekt gerð í nóvember 2017. Höfundar: Leifur Bárðarson, Laura Sch. Thorsteinsson, Salbjörg Bjarnadóttir, Sigríður Egilsdóttir og Birgir Jakobsson. Útg. rafrænt í desember 2017.

Eftirfylgni úttektar. 23B Fæðingarvakt Landspítala (LSH). Eftirfylgni framkvæmd í nóvember 2017. Höfundar: Leifur Bárðarson, Laura Sch. Thorsteinsson, Salbjörg Bjarnadóttir, Sigríður Egilsdóttir og Birgir Jakobsson. Útg. rafrænt í desember 2017.

Úttekt. Fæðingarvakt 23B Landspítala. Mat á gæðum og öryggi þjónustu. Höfundar: Birgir Jakobsson landlæknir, Leifur Bárðarson, Laura Sch. Thorsteinsson, Salbjörg Bjarnadóttir og Sigríður Egilsdóttir. Skýrsla gefin út rafrænt í desember 2017.

Handbækur og leiðbeiningar

Verklagsreglur um læknisrannsókn á fólki sem flyst til Íslands. Gefið út rafrænt í janúar 2017.

Rannsókn á liðsýkingum í kjölfar liðspeglana á Íslandi. Unnið í samstarfi við Landspítala. Ritstjóri Guðrún Sigmundsdóttir, yfirlæknir, sóttvarnarsviði EL. Gefið út rafrænt í mars 2017.

Næring ungbarna. 3. útgáfa. Embætti landlæknis og Þróunarsvið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Gefið út í apríl 2017.

Sóttvarnir hafna og skipa – landsáætlun. Unnið í samstarfi við viðbragðsaðila. Útgefið rafrænt júlí 2017.

Samtal um KANNABIS - Leiðbeiningahefti. Áhugahvetjandi samtal við ungmennti. Rafn M. Jónsson og Sveinbjörn Kristjánsson, sérfræðingar hjá Embætti landlæknis tóku saman. Útg. á prenti og rafrænt í september 2017.


Hætta á heilsutjóni vegna gosösku. Leiðbeiningar fyrir almenning. 2. útgáfa. Unnið í samstarfi við viðbragðsaðila. Útgefið rafrænt í desember 2017.

Viðbragðsáætlanir heilbrigðisstofnana – Sniðmát. 2. útg. Unnið í samstarfi við Landspítala og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Gefið út rafrænt í desember 2017.

Bæklingar

Góðir starfshættir lækna. 2. útgáfa. Staðfærð þýðing á Good Medical Practice, útg. 2014. Ábyrgðarmaður: Birgir Jakobsson landlæknir. Útg. rafrænt í maí 2017.

Starfsáætlun Embættis landlæknis 2017–2018. Aðaláherslur, áætlun og aðgerðir í starfi Embættis landlæknis árið 2017 og árangursmat árið 2018. Útg. rafrænt í maí 2017.



ÚTGEFIÐ EFNI ÁRIÐ 2017



Action Plan for the Directorate of Health 2017–2018. Þýðing ofangreinds bæklinga, gefin út rafrænt í ágúst 2017.

KANNABIS - Leyfðu staðreyndum að hafa áhrif. Bæklingur um kannabis fyrir ungt fólk. Útg. á prenti og rafrænt í september 2017.

Kynsjúkdómar; smitleiðir, einkenni, meðferð, forvarnir. 6. prentun. Uppfærð útg. og endurprentun í október 2017.

Ráðleggingar um mataræði. 4. prentun. Uppfærð útg. og endurprentun í október 2017.

Tóbakslaus bekkur – Kennarabæklingur, foreldrabæklingur. Útg. á prenti og rafrænt í nóvember 2017.

Veggspjöld

Góðvild - Veggspjöld fyrir leikskóla. Veggspjöld fyrir leikskóla um góðvild í samskiptum, alls 11 í sama pdf-skjali. Gefin út á rafrænu formi af Embætti landlæknis í tilefni alþjóðlega hamingjudagsins 20. mars 2017.

Tóbakslaus bekkur 2017-2018. Veggspjald. Útg. á prenti og rafrænt í október 2017.

Fimm leiðir að vellíðan. Veggspjald. Fimm einföld skref fyrir unga sem aldna í átt að hamingjuríkari og ánægjulegri tilveru. Útg. á prenti og rafrænt í nóvember 2017.

Fréttabréf

Farsóttafréttir – Fréttabréf sóttvarnalæknis. 10. árgangur. Samtals fjögur tölublöð komu út á árinu 2017. Ábyrgðarmaður: Þóroldur Guðnason sóttvarnalæknir. Ritstjóri: Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi.

Talnalbrunnur – Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistölfræði. 11. árg., samtals níu tölublöð komu út á árinu 2017. Ábyrgðarmaður: Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri. Ritstjóri: Hildur Björk Sigbjörnsdóttir verkefnisstjóri.

EPI-ICE. An electronic newsletter from the Chief Epidemiologist for Iceland. Volume 10. Samtals þrjú tölublöð komu út á árinu 2017. Ábyrgðarmaður: Þóroldur Guðnason sóttvarnalæknir. Ritstjóri: Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi

Dreifibréf

Dreifibréf nr. 1/2017. Upplýsingagjöf til almennings varðandi lög um lífsýnasöfn og heilbrigðisupplýsingar. Sent 5. apríl 2017.

Dreifibréf nr. 2/2017. Bólusetning gegn árlegri influensu. Sent 6. september 2017.

Dreifibréf nr. 3/2017. Inflúensubóluefni veturinn 2017-2018. Sent 11. október 2017.

Tölur með tölulegum upplýsingum

Embætti landlæknis gaf Heilbrigðisskýrslur út á prenti í nærfelt heila öld á tímabilinu 1897–1995, en þær veittu yfirlit yfir heilsufar í landinu í texta og tölum. Undanfarin 20 ár hefur talnaefni um sjúkdóma, heilbrigðisþjónustu og skylda málaflokka nær eingöngu verið gefið út rafrænt á vef Embættis landlæknis. Hægt er að nálgast efnisflokkad yfirlit yfir útgefið talnaefni embættisins á vefsíðunni [Allt talnaefni](#).

Allar tegundir útgáfu embættisins sem hér hafa verið taldar má nálgast á vef Embættis landlæknis undir valmyndinni [Útgefið efni](#).

Ritryndar vísindagreinar og skylt efni

Hyponen, H, Koch, S, Faxvaag, A, Gilstad, H, Nohr, C., **Hardardottir GA**, Andreassen, H, Bertelsen, P, Kangas, M, Reponen, J, Villumsen, S. & Vimarlund, V. Nordic eHealth Benchmarking. From piloting towards established practice. *TemaNord* 2017.

Oddsson K, Gudmundsdóttir Th, **Briem H**. Attitudes and knowledge among parents or guardians of 12-year-old girls about HPV vaccination – A population-based survey in Iceland. *Eur. J. Gynaecol. Oncol.* 2016 doi: 10.12892/ejgo3310.2016

Haraldsdottir S, Gudmundsson S, Thorgeirsson G, Lund S, Valdimarsdóttir UA. Regional differences in mortality, hospital discharges and primary care contacts for cardiovascular disease. *Scandinavian Journal of Public Health.* 2017;45(3):260-8.

Þóroldur Guðnason: Kynsjúkdómar á Íslandi. *Læknablaðið* 2017 Nov;103(11):473

Þóroldur Guðnason et. al: The epidemiology of invasive meningococcal disease in EU/EEA countries, 2004-2014. *Vaccine.* 2017 Apr 11;35(16):2034-2041.

Þóroldur Guðnason et. al. Epidemiology of Invasive Haemophilus influenzae Disease, Europe, 2007-2014. *Emerg Infect Dis.* 2017 Mar;23(3):396-404.

Þóroldur Guðnason et al. Legionnaires' disease in Europe, 2011 to 2015. *Euro Surveill.* 2017 Jul 6;22(27)

Virgolino, A, Heitor, M. J., Carreiras, J, Lopes, E., Øverland, S, Torp, S, **Gudmundsdottir, D.G**, Pereira Miguel, J, Fátima Reis, M. & Santos, O. (2017). Facing unemployment: study protocol for the implementation and evaluation of a community-based intervention for psychological well-being promotion. *BMC psychiatry*, 17(1), 261.

Matthiessen J, Andersen LF, Barbieri HE, Borodulin K, Knudsen VK, Kørup K, **Thorgeirsdóttir H**, Trolle E, Fagt S. The Nordic Monitoring of Diet, Physical Activity, Smoking, Alcohol and Overweight: 2011-2014. *European Journal of Nutrition & Food Safety* 7(2), 2017.

Friðþjófsdóttir HG, Geirsdóttir ÓG, Jónsdóttir H, Steingrímsdóttir L, Þórsdóttir I, **Þorgeirsdóttir H**, Briem N, Gunnarsdóttir I. Fæðuval ungra Íslendinga með geðrofssjúkdóma og þróun líkamspýngdar þeirra á 8 til 12 mánaða tímabili. *Læknablaðið* 6. tbl. 103. árg. 2017.

Grein „*Löggjöf um líffæraqajafir*“ birt í Fréttablaðinu í janúar 2017 af Birgi Jakobssyni landlækni og Runólfi Pálssyni yfirlækni.